

56. ÁRSPING HSÍ



ÞINGGERÐ

56.ársþing HSÍ

Íþróttamiðstöðin Laugardal

30. apríl 2013

1. Þingsetning

Formaður HSÍ Knútur G. Hauksson setti 56. Ársþing HSÍ og býður þinggesti velkomna, sem nú er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Biður þinggesti á að skrá sig til þingsins hér frammi og fer svo í eftirfarandi formsatriði.

2. Kostning þriggja manna í kjörbréfanefnd

- Ingibjörg Ragnarsdóttir
- Karl Árnason
- Þorbjörg Gunnarsdóttir

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði við mótbárum, var kjörbréfanefnd samþykkt og tekur til starfa.

3. Kostning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar upp tillögu um Gunnar K. Gunnarsson sem þingforseta. Engar aðrar tillögur né athugasemdir bárust, telst því Gunnar var réttkjörinn þingforseti. Þá var Karli Sigurðssyni tilnefndur til varaforseta. Engar athugasemdir voru gerðar og telst Karl því rétt kjörinn varaforseti þingsins.

4. Kostning þingritara og varaþingritara

Formaður lagði fram tillögu um Ástu Óskarsdóttur sem þingritara og Þorbjörgu Gunnarsdóttur sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust og töldust þær því réttkjörnar. Hófu þær þegar störf.

Formaður HSÍ, forseti ÍSÍ, fulltrúar framkvæmdastjórnar ÍSÍ, fyrrum formaður HSÍ ágætu þingfulltrúar og gestir. Gunnar tekur við fundarstjórn og þakkar traustið sem starfsmönnum þingsins er sýnt og munum við gera okkar besta til að leysa það einsog auðið er. Einnig staðfestir hann lögmæti þessa þings en það kemur fram að mánuði fyrir þing er boðað til þess með rafrænumhætti eða einhvern þann hátt sem vani er á í samkiptum og hefur verið gengið úr skugga um það að það hafi verið gert og lýsi því yfir að þetta þing er lögmætt.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs hefur verið á vef HSÍ í langan tíma en er ekki dreift sérstaklega hér á þinginu en hún er lög fram formlega hér með. Þinggerð er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson forseti Íþrótt- og ólympíusambands Íslands tekur til máls.

Þingforseti, formaður og framkvæmdastjórn HSÍ og þingfulltrúar. Ég vil byrja á því að flytja ykkur kveðju frá framkvæmdastjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands en hér með mér í dag eru Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjór ÍSÍ en auk þess eru hér tveir fulltrúar úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, Jón Gestur Viggósson og Guðmundur Ágúst Ingvarsson. Þakkar HSÍ og

mörgum þingfulltrúum úr grasrótinni sem að sýnt hafa okkur mikinn hlýhug í kjölfar og á meðan á afmælisári okkar stóð í fyrra hjá ÍSí og fyrir góða þátttöku HSÍ á nýafstöðnu íþróttapingi og mikinn hlýhug þar. Þinggerðin er ítarleg og lítur sérstaklega á fjárhag sambandsins og áætlun er í góðu janfvægi. Við mætum á um 60 þing á ári og reynum að fylgjast með fjárhag og því sem er að gerast hjá sambandsaðilum. HSÍ er í þeim hópi þar sem gríðaleg velta er hjá sambandinu mikil umsetning og það er erfitt að halda slíku starfi sem þið eruð að halda úti á hverjum degi í jafnvægi og get ég ekki annað en hrósað stjórn sambandslins fyrir að halda þessum mikla rekstri þetta nálægt núllinu og mér sýnis að áætlanir séu í góðu jafnvægi, þetta er okkur afar mikilvægt og ég þakka þér fyrir það Knútur og Einari auðvitað líka og öllum þeim sem koma að.

Það er líka afar gott starf í handknattleikshreyfingunni þegar yfir er horft og við erum auðvitað með hreyfingu hér sem er stöðugt í toppbaráttu á alþjóðlegum vetvangi og það er auðvitað eitthvað sem er einstakt fyrir litla þjóð eins og Ísland og það er ekki sjálfgefið að Ísland sé inni á stórmótum á hverju einasta ári. Það er okkur í fersku minni Ólympíuleikarnir í London þessi sárgrætilegi leikur, ég vil segja ykkur til gamans að ég lenti í þessu mikla flugatviki hjá Icelandair um daginn, ég fékk svo símhringingu frá þeim daginn eftir þar sem átti að bjóða mér áfallahjálp og ég sagði þeim einfaldlega að ég hafi ekki fengið neitt slýkt þegar við töpuðum fyrir Ungverjum og ég var í miklu meira áfalli þá, en engu að síður þá hefur þetta verið mér miklar gleðistundir að fá að mæta á leiki hjá handboltalandliðinu og eyddi nú mínum fimmtugsafmælisdegi að horfa á ykkur tryggja ykkur farseðilinn til Danmerkur á næsta ári á móti Slóvenum, betri afmælisgjöf gat ég ekki hugsað mér frá HSÍ og þakka ég fyrir það líka. Það er okkur öllum ljóst að handboltinn á mikil tök í þjóðinni og í hjörtum þjóðarinnar og þetta er eitthvað sem maður þarf að vita, þetta nær alltaf að sameina þjóðina, við eigum margar stundir í minningunni en það er auðvitað mikilvægt hjá okkur að tryggja þær stundir til framtíðar. Eitt að því sem mér finnst stundum ekki fá næga athygli er árangur okkar fólks erlendis eða þeir sem eru að spila og þjálfra hjá erlendum liðum og stundum trúí ég því ekki hvað þetta fær litla athygli ekki síst þegar við erum að sjá þjálfara eftir þjálfara vera í toppbaráttu í efstu deild í heimi, það er í mínum huga einstakt og þótt að það sé farið að fá aðeins meiri athygli þá hygg ég að þetta sé nokkuð sem er líka góður vitnisburður um það starf sem að þið hafið unnið þið hafið búið til þetta fólk þá meina ég ykkur hér í grasrótinni það er auðvitað nokkuð sem ber að þakka fyrir. Ef það eru einhverjir veikleikar sem hægt er að nefna þá er það auðvitað í mótahaldi innanlands. Það er ekki síst vegna þess að við erum að líða fyrir ákveðin landsliðshléa vegna þessa stóru verkefna það er auðvitað hagsmunamat sem er alltaf erfitt en þetta er barátta sem handboltinn þarf að eiga við og það er nokkuð sem maður sér enga augljósa laus á, við erum á stórmóti á hverju ári og það er gert hlé í það minsta karladeildinni á hverju ári og að því leitinu til er gaman að sjá hve vel úrslitakeppnin fara af stað núna, nú eru hörkurimmur í gangi, var ekki Fram að vinna Hauka núna er ekki komið eitt núll þar. En það sem mér finnst líka mikilvægt í þessu sambandi er það er er hér inni og ekki sýður hér við háborðið er sá mannauður og það er í raun og veru sá drifkraftur sem er á bak við þetta, leikmenn eru inni á vellinum en það er okkur afar mikilvægt líka að það er mannauður sem stendur fyrir utan völlinn því án þess þá verður ekkert starf, það er bara þannig. Það er það sem við þurfum að horfa til framtýðar að tryggja það að hlúa að mannauðnum, missa ekki gott fólk fyrir borð og gæta að því að við séum að vinna með lisheildinni bæði innanvallar sem utan.

Samskipti HSÍ og ÍSí hafa verið afar góð, ég get ekki sagt annað en það hafi verið barist fyrir málstað handknattleikshreyfingarinnar eins og íþróttahreyfingarinnar í heild bæði þeir Knútur og Einar við höfum átt mikið af fundum með þeim hafa verið afar góðir og ég get ekki sagt annað en það hafi verið afar farsællt samstarf milli HSÍ og ÍSí. Hér verður svo kjörinn nýr formaður HSÍ, það er ekki

auðvelt að taka við af manni eins og Knúti en þið eruð að fá hér gríðalega öflugan einstakling því ég þekki Guðmund afar vel í gegnum tíðina bæði sem kollega og í gegnum íþróttir. Get ég því fullvissað ykkur um að ef einhver getur farið í sporin sem hafa verið stigin undanfarin ár þá er það Guðmundur, ég hlakka mikið til að fá að starfa með honum. Það er nú þannig þegar slík tímamót verða að þá er oft tilefni til að færa svona þakklætisvott fyrir unnin störf og það sem mér langar til að fá að ljúka hér er að framfylgja ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ að sæma Knút gullmerki ÍSÍ.

Að svo mæltu vil ég óska ykkur velfarnaðar í störfum þingsins og hlakka til að vinna með ykkur á komandi ári.

Gunnar þakkar Ólafi fyrir hans orð og óskar Knúti til hamingju með þennan virðingavott sem Íþróttta- og Ólympíusambandið veitir honum núna.

7. Álit kjörbréfanendar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanendar kom fram og las upp mætingu þingfulltrúa. Þeir voru alls 49, en 87 þingfulltrúar eiga rétt á setu. Álit kjörbréfanefndar er lagt til atkvæða. Kjörbréf samþykkt samhljóða. Kjörbréfanend heldur áfram að starfa. Því það er kostning til stjórnar sem er leynileg og verður aftur farið yfir fjölda fulltrúa og athvæðaselar verða afhentir í samræmi við mætingu þingfulltrúa.

8. Kostning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og alsherjanefnd þingsins

Það kveður á það í lögum sambandsins að kjósa skuli í þessar þrjár nefndir en vegna eðlis og lítils fjölda tillagna sem liggja fyrir þinginu er það tillaga frá stjórninni að málsmeðferð verði aðeins breytt í þá verðu að við kjósum þrjá menn í alsherjar- og laganefnd saman. Einnig er kosið um þrjá menn í fjárhagsnefnd. Ekki var gerð athugasemd við þessa tilhögun

- Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:
 - Guðborg Halldórsdóttir
 - Ásta Óskarsdóttir
 - Jónu Björg Björgvinsdóttir
- Í Laga-, reglna og alsherjarnefnd voru tilnefnd:
 - Vigfús Þorsteinsson
 - Ásgeir Sveinsson
 - Þorvarður Tjörvi Ólafsson

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust réttkjörnir þar sem engar athugasemdir né gangtillögur bárust.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Knútur G. Hauksson formaður HSÍ fylgir skýrslu stjórnar úr hlaði.

Þingforseti, forseti ÍSÍ og aðrir gestir. Ég ætla að byrja á því að þakka hlý orð í okkar garð frá forseta ÍSÍ og heilshugar tekið undir að það hefur oft verið mikið og gott samstarf á milli ÍSÍ og

handknattleikshreyfingarinnar. Þá vil ég einnig biðja þig fyrir kveðju til framkvæmdastjórnar ÍSÍ fyrir merkið sem þú veittir mér hér rétt áðan.

En það má með sanni egja að síðastliðið ár og leiktímabilið sem er senn á enda hafi verið viðburðaríkt og mjög farsælt fyrir HSÍ og handboltahreyfinguna alla. Á síðasta ársþingi var ljóst að verkefni ársins 2012 yrðu mörg og mjög kostnaðarsöm og ekki lá fyrir hvernig þau yrðu öll fjármögnuð samþykkt þingið því rekstraráætlun sem var með 25 millj. Kr. Rekstrarhalla en hvatti stjórn jafnfram til að leita allra leiða til að minka þann halla með miklum dugnaði, stöndugum samstarfsaðilum og auknum framlögum frá hinu opinbera tókst okkur að auka tekjur sambandsins og voru þær alls um 224 millj. og hafa aldrei verið svo miklar áður enda hafa tekjur sambandsins aukist um 76% frá árinu 2009, það verður að teljast frábær árangur og sérstaklega þegar litið er til stöðurnar í þjóðfélaginu en þessi ár eins og við þekkjum öll hafa verið mikil samdráttar ár. Þetta sýnir vel hve öturlega stjórn og starfsmenn sambandsins hafa unnið og hversu öflugt samstarfsaðila við höfum á að skipa. En þetta sýnir engu að síður hversu mikilvægur samstarfsaðili Handknattleikssamband Íslands er við okkar stuðningsaðila. En sem fyrr segir voru verkefni landsliða mörg og kostnaðarsöm alls spiluðu landsliðin 85 leiki á árinu og tókum við þátt í fimm lokamótum. Þetta er dýrt, enda er ferðakostnaður einn helsti útgjaldaliður sambandsins. Þá er rétt að geta þess að þátttaka í Ólympíuleikum er okkur hvað dýrust og erfiðust fjárhaglega. Eins og kynnt var á ársþingi vann stjórn og starfsmenn að stefnumótun árin 2011 og 2012 unnið var áfram síðastliðið ár með þau stefnustig og verkefni sem úr þeirri vinnu komu en meðal þess sem þar kom fram var að sambandið yrði að bæta sig í útbreiðslu- og kennslumálum enda er það mjög í takt við það sem komið hefur fram á undanförunum þingum. Einnig var ljóst að menn töldu aðstöðunar sem sambandið hafði ekki sæmandi jafn metnaðarfullu starfi og þar fer fram og að aðstaðan hamlaði einnig frekari þróun í starfsemi skrifstofunnar. Því réðum við nýjan starfsmann um mitt ár sem vinnur nú að útbreiðslu- og kennslumálum, einnig fluttum við skrifstofurnar í stærra og betra húsnæði er öll vinnuaðstaða starfsmanna og tölvubúnaður endurnýjaður. Þá má geta þess að þegar við réðum nýjan landsliðsþjálfara karla þá var gengið svo frá málum að frá og með þessu sumri verður hann í fullu starfi hjá sambandinu. Þetta ásamt því að hafa úthýst allri bókhaldsvinnu, launakeyrlum og tilheyrandi hefur gjörbreitt starfsemi skrifstofunnar til hins betra. Þrátt fyrir þennan aukakostnað og þeirra mörgu stóru verkefna sem landsliðin okkar voru í er niðustaða rekstrarins aðeins tap upp á 3,5 millj. og þó svo að það sé alltaf óásættanlegt að niðurstöður resktrar séu neikvæðar þá verður þetta að teljast verulega gott á Ólympíu ári. En það er ekki bara í rekstrinum og landliðinu sem góður árangur hefur náðst. Mótin hér heima hafa verið hreint frábær, N1 deild karla hefur verið mjög spennandi og ljóst að allir gátu unnið alla. Spennan var mikil bæði á toppnum og á botninum. N1 deild kvenna hefur einni styrkst og þar eru mörg lið að nálgast þau tvö lið sem hafa verð lang best undanfarin ár, nægir þar að benda á lokarimmuna sem nú stendur yfir. Þá var fyrsta deildin spennandi og hefur hún styrkst mikið á undanförunum árum það sást best á því þegar Stjarnan spilaði til úrslita í Símbikarnum eftir að hafa slegið út nokkur N1 deildar lið. Það er ánægjulegt að sjá að meistaraflokksliðum hefur fjölgað og einnig þegar tekið er tillit til þess að nú eru um 60 – 70 einstaklingar sem spila með liðum erlendis. Þá verðum við líka að hafa í huga að það er ekki auðvelt fyrir nýja meistaraflokka að byrja, bara það að fá ásættanlega æfingatíma getur verið erfitt og allt að því útilokað á sumum stöðum. Ég tel að það mótafyrirkomulag sem nú er og sá stöðuleiki sem náðst hefur, hafi hjálpað mikið til í þessum árangri og meiga menn ekki vanmeta þá staðreynd. Handboltinn er í uppsveiflu og hefur þróun iðkenda undan farin ár er mjög góður vitnisburður um það en hún hefur verið stöðugri sókn síðastliðin fimm ár og voandi sjáum við áframahaldandi þróun í þessa ánægjulegu átt. Á árinu

tókum við þá djörfu ákvörðun um að breyta fyrirkomulaginu á Símbikarnum og spiluðum undanúrslit og úrslit á sömu helgi, svokallaða finale four fyrirkomulag. Það var djarft að breyta fyrirkomulagi sem var gott fyrir en árangur úrslitahelgarinnar var alveg frábær og er ljóst að þetta tókst vel og er komið til að vera.

Ég ákvað að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi setu sem formaður Handknattleikssambands Íslands. Það er með miklu söknuði sem ég hætti en þó er ég einkum stoltur og ánægður. Stolur af því starfi sem við höfum unnið undanfarin fjögur ár, árangur karlanlandsliðsins var áfram góður, við gjörbreyttum umgjörð kvennlandsliðsins og árangurinn hefur ekki látið bíða eftir sér og hafa þær tekið þátt í þremur síðust stórmótum. Við komum með nýtt fyrirkomulag í símbikarnum og höfum gjörbreytt starfsumhverfi skrifstofunnar svo eitthvað sé nefnt. Af þessu er ég virkilega stoltur og ég er ánægður með að hafa fengið að vera í forystu hreyfingarinnar á þessum tímum og ég hef haf miklá ánægju að vinna með stjórn starfmönnum og forsvarsmönnum félaganna. Ég vil því nota þetta tækifæri á að þakka ykkur öllum fyrir samstarfið og sérstaklega vil ég þakka starfsmönnum fyrir frábært starf og ánægjulegt samstarf, ég held að það halli ekki á neinn þó ég þakki Einari Þorvarðarsyni sérstaklega fyrir hans framlega og okkar nána samstarf, þar hafa myndast tengsl sem ég vona að haldist áfram þó svo að ég hverfi úr þessum stól. Svo vona ég að við eigum gott þing og vil óska nýjum formanni til hamingju og óska honum og hreyfingunni allri hins besta. Nú mun ég sjá ykkur á þöllum því nú má ég mæta þar aftur. En þakka ykkur fyrir og gott þing.


SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

55. Ársþing HSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 28. apríl 2012. Á þinginu var Knútur G. Hauksson kosin formaður fjórða árið í röð en formaður er kosinn til eins árs í senn. Stjórnarmenn sem kosnir voru til tveggja ára voru Einar Einarsson, Árni Þór Árnason, Guðjón L. Sigurðsson og Gunnar Erlingsson. Voru þau sjálfkjörin. Þeir sem enn áttu eitt ár eftir af kjörtímabili sínu voru Guðmundur B. Ólafsson, Ásta Óskarsdóttir, Þorgeir A. Jónsson og Vigfús Þorsteinsson. Fyrir þinginu lágu nokkrar lagabreytingar, en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi. Þar fyrir utan voru haldnir 4 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir meðal annars um málefni hreyfingarinnar, kynningar á N1 deildunum og Símbikarnum, málefni 1 deildar karla, um mótakerfið í efstu deildum, sjónvarpsmál og komandi Ársþing HSÍ. Eins og undanfarin ár voru ekki allir sammála um mótakerfið í úrvalsdeild karla þó flestir séu á því að núverandi fyrirkomulag sé gott og að nauðsynlegt sé að halda stöðugleika í fyrirkomulaginu.

Ársþingið samþykkti fjárhagsáætlun sambandsins sem sýndi neikvæða afkomu upp á 25 milljónir. Var það

gert í ljósi þess að mikil verkefni A landsliða karla og kvenna lágu fyrir á árinu og ekki lá fyrir hvernig fjármagna skildi þau verkefni. Á árinu jókst velta sambandsins hins vegar um rúmar 40 milljónir og er ástæða þess góður árangur karla- og kvennlandsliðsins og ekki síður dugnaður forsvarsmanna sambandsins við söfnun og öflun samstarfsaðila. Þess má geta að á árinu 2012 fékk HSÍ 10 milljónir frá Ríkisstjórninni þegar að




karlalandsliðið náði að tryggja sér sæti á Olympíuleikunum í London. Með auknum árangri karla- og kvennalandsliðsins eykst rekstur sambandsins all nokkuð. Hvert lokamót og undirbúningur þess er dýrt enda eru stórir kostnaðarliðir svo sem flugfargjöld og hótelskostnaður mjög háðir gengi íslensku krónunnar sem ekki hefur hjálpað til. En með auknum tekjum og aðhaldi í rekstri hefur tekist að halda rekstrinum í góðu jafnvægi. En þess má geta að frá árinu 2009 hafa tekjur sambandsins aukist um 76% sem er góður árangur í ljósi þess mikla samdráttar sem verið hefur í þjóðfélaginu á þessum tíma. Hefur þetta skilað sér í því að stjórn sambandsins hefur ekki þurft en að forgangsraða verkefnum líkt og sum önnur sérsambönd hafa neyðst til að gera. Það má hvergi slaka á þegar að afreksstuðullinn er orðin jafn hár og raunin er hjá handknattleikshreyfingunni. HSÍ hefur sett stefnu á að allir landsliðsmenn og konur sambandsins fari í gegnum þrekpróf og leikmenn séu meðvitaðir um þær kröfur sem HSÍ gerir til landsliðsfólks ásamt því markmiði að öll landslið sambandsins nái inn á úrsltamót EM og HM. Er þetta liður í áframhaldandi metnaðarfullu starfi handknattleikshreyfingarinnar.

Sem fyrr segir tókst að halda rekstrinum í jafnvægi og er niðurstaða rekstrarársins neikvæð um 4 milljónir. Verður það að teljast ásættanlegt miðað við þau sex stóru og kostnaðarsömu verkefni sem landsliðin okkar voru í þetta árið en það voru EM karla í Serbíu 11. sæti, forkeppni Ólympíuleika karlaliða í Króatíu, Ólympíuleikar í London 5 sæti, EM kvenna í Serbíu 15.sæti, EM U-20 ára piltar í Tyrklandi 11.sæti og EM 18 ára piltar í Austurríki 15 sæti.


Á ársþingi HSÍ 2011 kynnti stjórn vinnu sem hafin var í samvinnu við Capacent við stefnumótun HSÍ til ársins 2015. Að þessari vinnu komu starfsmenn, stjórn, nefndarmenn og ýmsi aðilar innan hreyfingarinnar. Lauk þessari vinnu á síðasta ári og var mótuð stefna í fimm flokkum: fræðslu-, móta-, landsliðs- og dómaramálum auk reksturs og innri mála sambandsins. Mörkuð voru stefnustef fyrir hvern flokk og sett markmið, aðgerðir og verkefni. Margvísleg langtíma og skammtíma verkefni komu úr þessari vinnu og hefur verið unnið með þau verkefni æ síðan. Mörgum þeirra er lokið, önnur í vinnslu og önnur sem bíða úrlausna. Meðal þess sem úr þessari vinnu hefur komið er að nauðsynlegt var talið að ráða starfsmann til að synna fræðslu og útbreyðslumálum. Ráðinn var starfsmaður sem hóf störf 1 júní 2012. Síðan þá hefur Árni unnið að ýmsum verkefnum er varðar menntun og þjálfun innan hreyfingarinnar og ekki síður hefur hann unnið með aðilum víðsvegar með aukinni útbreiðslu í huga. Á haustdögum var skrifstofa HSÍ flutt í nýtt og betra húsnæði þar sem að allar innréttingar og tölvur voru endurnýjaðar og lítur skrifstofa HSÍ stórglæsilega út í dag og sýnir þann metnað sem í hreyfingunni er. Í sambandi við endurnýjun tölvubúnaðar var gerður samstarfsamningur við Advania og er nú unnið með því fyrirtæki að hanna nýtt mótakerfi ásamt stórum endurbættum heimasíðu HSÍ.

Keppnin í N1 deildum karla og kvenna, í 1. deild karla og í Símbikarnum hefur sjaldan verið jafn spennandi og í ár. Verður nánar vikið að því síðar. Eins og þar kemurfram breyttum við fyrirkomulagi á Símbikarnum og spiluðum bæði undanúrslit og úrslit á sömu helginni. Tókst þetta með miklum ágætum og gaman að sjá að hjá körlunum komst 1. Deildar lið alla leið í úrslit. Keppnin í 1. deildinni var mjög spennandi og ekki var umspilið um laust sæti í N1 deildinni síðri. Og nú standa yfir úrslita rimman í N1 deildum kk og kvk. Það hefur synt sig í vetur að bilin milli félaganna er alltaf að minnka og hefur það mótafyrirkomulag og sá stöðugleiki sem verið



hefur í mótafyrirkomulaginu átt þar mikinn þátt. Hefur þetta meðal annars skilað sér í fjölgun liða í meistaraflokki og eins og útlitið er nú er þess að vænta að fjölgunin verði enn meiri á allra næstu árum.

HSÍ lagði fram ýmsar kröfur um umgjörð í kringum leiki í Úrvalsdeildum karla og kvenna fyrir nokkrum árum og hafa sum félög lagt mikinn metnað í bæði framkvæmd og umgjörð leikjanna og hefur það í flestum tilvikum gengið eftir að þar sem vel er vandað til verksins hefur aðsókn á leikina aukist og stemmningin í kringum bæði lið og áhorfendur verið meiri. Hefur almennur áhugi á handknattleik aukist undanfarin ár sem hefur skilað sér í auknum fjölda áhorfenda og einnig í auknum fjölda iðkenda sem er vel.



Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla og kvenna þá hefur hún eins og undanfarin ár verið misjöfn hjá fjölmiðlum almennt. Á milli HSÍ og RÚV var gerður nýr sjónvarpssamningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt landsleikjum og munu útsendingar á þessu keppnistímabili verða um 40 talsins. Samstarfið við RUV hefur verið gott en erfitt hefur verið um vik að koma leikjum inn í dagskrána á virkum dögum en þessa dagana er verið að gera tilraun með nýja útsendingarás RUV sport sem mun breyta þessu umhverfi til framtíðar, og munu útsendingar frá handboltanum, verða líka á virkum dögum með tilkomu þessarar sportrásar. Stöð 2 Sport var með sjónvarpsréttinn að HM karla að þessu sinni en þeir keyptu sjónvarpsréttinn á HM keppnum karla og kvenna bæði 2011 og 2013. Hafa mikil blaðaskrif átt sér stað vegna þessa en HSÍ á engan þátt í sölu af HM eða EM keppnum. Umfjöllunin um HM 2013 karla og útsendingar frá leikjum var Stöð 2 Sport til fyrirmyndar og sýndi Stöð 2 Sport um 40 leiki frá Heimsmeistaramótinu, er það afbragðs umfjöllun í kringum svona stórmót sem HM er. Einnig náði Stöð 2 sport að tryggja sér réttin frá forkeppni Ólympíuleikanna sem fram fór í Króatíu um páskana og er ljóst að 365 miðlar hafa sýnt landsliðinu meiri áhuga nú en á undanförnum árum. SportTV sendir út beinar útsendingar á völdum leikjum á netinu og urðu þær rúmlega 50 talsins. Nú sem áður hefur það verið keppikefli HSÍ að fá sem flestar beinar útsendingar frá leikjum í efstu deildum og einnig telur sambandið nauðsynlegt að fá fleiri metnaðarfulla þætti sem fjalla um handboltann.

Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægir í rekstri HSÍ og ekkert sérsamband er með eins stóran hluta tekna sinna af samstarfssamningum við styrktaraðila. Má segja að 70% af tekjum sambandsins sé sjálfsaflafé sem aflað er í gegnum samstarfs- og stuðningsaðila HSÍ. Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandslíðanna á árinu 2012 og fékk HSÍ þó nokkuð hærri upphæð frá Afrekssjóði ÍSÍ og Olympic Solidarity þetta árið þar sem karlandslíðið lék á EM og Ólympíuleikum. Fyrir kvennalandslíðið fékk HSÍ svipaða upphæð frá Afrekssjóði og árið á undan þar sem liðið komst í úrslitakeppni EM í Serbíu í desember.

Yfirstandandi rekstrarár mun verða annasamt og má hvergi slaka á í fjármálum né afreksmálum. Forkeppni A-landsliðs karla fyrir EM í Danmörku hefur gengið frábærilega, liðið hefur ekki tapað leik í undankeppninni og er komið nú þegar inn á EM þrátt fyrir að tveir leikir séu eftir. Kvennalandslíðið á eftir að leika tvo umspils leiki í byrjun Júní við Tékkka og má búast við mjög spennandi viðureignum þar sem að Íslenska liðið á að geta komist áfram.

ÍSLANDSMÓT N1 DEILDIRNAR

N1 er samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna og er mikið fjármagn sett til þess að kynna deildirnar. Keppnistímabilið 2012 – 2013 er leikið eins og í fyrra. Á vordögum sáum við fram á aukningu í kvennadeildinni en þegar á reyndi urðu liðin 11 í deildinni. Átta karlalið og ellefu kvennalið í hvorri Úrvalsdeild og er leikin þreföld umferð hjá körlum en tvöföld umferð hjá konum en síðan tekur við úrslitakeppni fjögurra efstu liða í karla en sex efstu liða hjá konunum. Hjá körlunum munu lið Hauka og Fram berjast um Íslandsmeistaratitilinn en hjá konunum verða það Fram og Stjarnan. Valur varð deildarmeistari kvenna. 1. Deild karla er með átta liðum í fyrsta skipti í tólf ár og hefur hún gengið vel og virðast liðin þar vera að styrkjast samanber umspil Vals og Stjörnunnar um laust sæti í úrvalsdeild. Sigurvegarar 1. deildar karla varð lið ÍBV og munu þeir leika í N1 deildinni að ári.

SÍMABIKARINN.

Í byrjun þessa árs kom inn nýr samstarfsaðili í Bikarkeppninni Síminn og í framhaldi af því fór stjórn HSÍ í það að breyta Bikarkeppninni í 4 liða úrslitahelgi (final four) með bæði karla og kvennaliðunum í meistaraflokki ásamt því að spila úrslitin í yngri flokkum eins og síðastliðin ár og má segja að þetta fyrirkomulag í meistaraflokkum hafi tekist frábærilega. Allir leikir í meistaraflokki karla og kvenna voru sýndir beint á RUV og yngri flokkarnir voru sýndir beint á Sport TV. Rúmlega tíu þúsund manns komu í Laugardalshöllina þessa helgina og skemmtu sér vel. Hægt er að fullyrða að umgjörðin nú í ár hafi verið sú glæsilegasta sem haldin hefur verið. Í undanúrslitum mættust hjá körlunum Selfoss – ÍR og Akureyri – Stjarnan. ÍR lék síðan úrslitaleikin gegn Stjörnunni sem sigraði Akureyri mjög óvænt í undanúrslitaleiknum og hafði ÍR betur í þeirri viðureign. Í undanúrslitum mættust hjá konunum Valur – ÍBV sem að Valur sigraði og Fram – Gróttta þar sem Fram sigraði þannig að úrslitaleikurinn var illi Vals og Fram þar sem að Valur vann og fékk Bikarmeistaratitilinn.

YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið vel og er ljóst að mótanefnd HSÍ hefur staðið sig mjög vel á þessu keppnistímabili. Í 5-8 flokki er mótunum úthlutað til félagana og hefur sú framkvæmd gengið vel.

LANDSLIÐIN.

Samtals léku öll karla landslið sambandsins 75 landsleiki og þar af A-landslið karla 31 leiki. Og kvenna landsliðin léku samtals 24 leiki og þar af A-landsliðið 16 leiki. Því voru landsleikir á vegum sambandsins alls 99 á árinu 2012.

Karlalandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2012 og var íþróttalegur árangur góður hjá liðinu, en það komst inn á EM í Serbíu í gegnum riðlakeppni. Liðið hafnaði í 11. sæti. Liðið vann sér síðan rétt til þátttöku á Ólympíuleikunum í London sem fóru fram í júlí og byrjun ágúst 2012 og hafnaði í fimmta sæti eftir að hafa unnið riðilinn sinn og lék tvíframlengdan leik gegn Ungverjum sem tapaðist með einu marki. Liðið lék síðan tvo leiki tvo leiki við Hollendinga heima og að heiman um þátttökurétt á HM 2013 á Spáni. Guðmundur Þ Guðmundson og Óskar Bjarni Óskarson hættu sem þjálfarar liðsins eftir Ólympíuleikana og var Aron Kristjánsson ráðin og honum til aðstoðar Gunnar Magnússon.

Verkefni kvennalandsliðsins voru fjölmörg og tók liðið þátt í forkeppnisriðli fyrir EM 2012 og var í harðri baráttu við Úkraínu um að komast á EM sem átti að fara fram í Hollandi í desember 2012. Liðið komst inn á EM sem var fært til Serbíu þar sem að Hollendingar hættu við að halda mótið og fékk Ísland sæti

Hollendinga. Í Serbíu lenti liðið í 14 sæti og komst ekki í milliriðil þjálfari liðsins er Ágúst Jóhannsson en honum til aðstoðar var Gústaf Adolf Björnsson. Þeim til aðstoðar voru Jóhannes Lange, Hilmar Guðlaugsson, Elín Harðardóttir, Elís Þór Rafnsson, Gigja Kristinsdóttir, Jan Triebel og Þorbjörg Gunnarsdóttir.

20. ára landslið pílta lék forkeppni fyrir EM í Tyrklandi hér á Íslandi um páskana og komst í úrslit á EM. Í Tyrklandi hafnaði liðið í 10 sæti og voru þjálfarar, þeir Geir Sveinsson og Kristján Halldórsson, sjúkrabjálfi liðsins er Einar Óli Þorvarðarson.

20. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni HM sem fór fram í Tyrklandi. Liðið sem fór saknaði nokkurra leikmanna vegna meiðsla. Þjálfarar eru þeir Guðmundur Karlsson og Halldór Harri Kristjánsson.

18. ára landslið drengja tók þátt í forkeppnisriðli fyrir EM sem haldin var í Tyrklandi og varð liðið í efsta sæti og komst þar með áfram í úrslitakeppni EM í Austurríki. Í haust lék liðið 3 leiki við Frakka í október og síðan fór liðið til Þýskalands í lok desember og tók þátt í Hela cup. Þjálfarar hópsins eru þeir Heimir Ríkarðsson og Magnús Kári Jónsson. Sjúkrabjálfi liðsins er Andrés Kristjánsson.

18.ára landslið stúlkna tók þátt í opna Evrópumótinu sem haldið var í Svíþjóð. Þjálfarar voru þau Inga Fríða Tryggvadóttir og Halldór Harri Kristjánsson.

16. ára landslið drengja liðið lék þrjá landsleiki í Frakklandi í október 2012. Þjálfari liðsins fyrrihluta árs var Andri Sigfússon en í október 2011 tekur Einar Guðmundsson við liðinu. Andra eru þakkað góð störf með liðið.

16. ára landslið stúlkna hefur æft 4 sinnum á tímabilinu og þjálfarar eru Díana Guðjónsdóttir og Unnur Sigmarsdóttir.

SAMSTARFSAÐILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, og má þar fremsta nefna N1, Valitor, Icelandair, Arionbanka, RÚV, Kempa, Mílu, Samskip, Höld, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Símann, Póstinn, Lauga, Fönn, LS Retail, Advanía, Íslenska Getspá, Rolf Johansen, Fastus, Odda og Kine. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á því.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ þeim Róbert Gíslasyni, Árna Stefánssyni og Þorbjörgu Gunnarsdóttur og voru stöðugildi þrjú og hálft um áramót 2012/2013.

Ég gef ekki kost á mér til áframhaldandi setu sem formaður HSÍ. Það er með miklum söknuði sem ég kveð nú. En þó er það einkum með miklu stolti og þakklæti sem ég geng frá borði. Þau fjögur ár sem ég hef verið í forsvari fyrir hreyfinguna hefur margt breyst. Afrek landsliðanna hefur aldrei verið meiri, skrifstofa sambandsins hefur tekið miklum breytingum bæði er varðar vinnu og umgjörð og þá hefur góður árangur náðst í fjármálum HSÍ. Og þó svo að mikill árangur hafi náðst bíða mörg spennandi og krefjandi verkefni nýrrar stjórnar. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki HSÍ fyrir frábært starf síðastliðin ár og einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu

sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu HSÍ. Er það ómetanlegt fyrir sambandið. Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum HSÍ fyrir gott samstarf sem og forsvarsmönnum aðildarfélaga.

Formaður HSÍ

Knútur G Hauksson

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir.

Árni Þór Árnason - formaður

Guðbjörg Jónsdóttir - ritari

Ásmundur Jónsson - þjálfunarmál

Þorbjörg Gunnarsdóttir - tengill við skrifstofu

Helga H. Magnúsdóttir er kölluð til sem faglegur ráðgjafi

Á síðastliðnum 5 árum hefur leynt og ljóst verið stefnt að því að efla kvennaboltann eftir föngum.

Markmiðin sem við fylgjum eru skýr:

- 1) Bæta umgjörð kvennalandsliðsins.
- 2) Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða og bæta líkamlegan styrk
- 3) Ráða góða þjálfara til að þjálfa kvennaliðin
- 4) Hvetja fleiri konur til að leggja fyrir sig þjálfun
- 5) Hvetja fleiri konur til að leggja fyrir sig dómara starf
- 6) Koma upp fullkominni skrá yfir allar fyrrum landsliðskonur
- 7) Vera með 3 góða styrktaraðila sem leggja til 7-8 milljónir á ári til viðbótar framlagi frá sambandinu.
- 8) Leggja aukna áherslu á markvarðaðþjálfun allra landsliða.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

A landslið voru Ágúst Þór Jóhannsson og Gústaf Adolf Björnsson.

U19 ára liðið, Guðmundur Karlsson og Halldór Harri Kristjánsson

U17 ára liðið, Unnur Sigmarsdóttir og Díana Guðjónsdóttir

U15 ára hópurinn var í umsjón Jóns Gunnlaugs Viggóssonar og Halldórs Stefáns Haraldssonar

Stutt yfirlit yfir helstu þætti starfsins.

Haldnir voru 6 nefndarfundir auk annara funda eins og með landsliðsþjálfurum og einnig tóku nefndarmenn þátt í málþingi ÍSÍ um konur og íþróttir.

Það sem stendur uppúr á starfsárinu var þátttaka A-landsliðs kvenna í EM í Serbíu í desember 2012. Þetta er þriðja stórmótið í röð sem kvennaliðið okkar tekur þátt og sýnir miklar framfarir í kvennastarfinu á undanfórnum árum. Hollendingar drógu sig út úr keppni og afsöluðu sér mótshaldi og við vorum sú þjóð sem næst komst að.

Undirbúningur fyrir keppnina var eins og kemur fram á leikjatöflu en árangurinn á mótinu var tap í öllum leikjum okkar. Í uppgjöri eftir mótið kom fram hjá þjálfurum að tölvert skortir á líkamlegan styrk leikmanna og þurfum við að koma fleiri leikmönnum til erlendra liða þar sem þær geta helgað sig handboltanum að meira krafti en sem áhugamál hér á landi. Við erum í flestum tilfellum að keppa við atvinnumenn þegar við erum komin svona framarlega á heimsvísu.

Þá sýndi RUV frá öllum leikjum á mótinu þannig að fjölmiðlar sjá sér hag í að fjalla um kvennalandsliðið svo það er mikið atriði að standa sig.

Undirbúningur fyrir næsta HM er í fullum gangi og spilum við umspilsleiki við Tékká í byrjun júní í ár, heima og heiman.

U19 munu taka þátt í undankeppni EM sem fer fram í Slóvakíu í maí.

U17 hélt Ícelandair undankeppni EM, dagana 22-24 mars síðastliðinn. Þetta var mikil handboltaveisla fyrir konur en fléttað inní tveir æfingaleikir við A landslið kvenna.

Þá kepptu U19 og nýtt lið U25 innbyrðis en þar eru margar konur sem banka á dyr landsliðsins.

Slík handboltahelgi hefur ekki áður farið fram hérlandis og lagði fjöldi manns leið sína í Austurberg og auk þess fylgdu bæði Hollendingum og Þjóðverjum um 20 manna hópar. Við unnum Letta en það var mikill getumunur á okkar stúlkum og tveim fyrrnefndu þjóðunum og ljóst að líkamlegur styrkur okkar stúlkna er ekki sambærilegur við þessar þjóðir sem eru báðar í fremstu röð í kvennaboltanum.

Þjálfarar liðsins og foreldrar lögðu sig vel fram og eiga heiður skilið fyrir undirbúning og fjáröflun sem fylgir svona mótum. Þá nutum við einnig góðrar aðstoðar starfsmanna HSÍ en umgjörðin með keppnisgólfinu var eins og best verður á kosið.

U15 hópurinn er samsettur af um 40 stúlkum fæddar 1998 og 20 fæddar 1999. Æfingar voru í nóvember og var þeim skilað til þjálfara leikmanna gegnum Youtube. Þá var haldið æfingamót milli jóla og nýjárs og síðan var landsliðshelgin nýtt þegar U17 mótið fór fram til að kalla saman hópin og mættu þær í landsliðspeysum á leikina.

Landsliðsþjálfarar boðuðu fund með þjálfurum kvennaliða í N1 deildinni þann 14. mars sem tókst vel og var góð þátttaka meðal þjálfara. Þar voru líka Einar Ólafsson sjúkraþjálfari sem heldur utan um líkams- og styrktarmælingar á landsliðskonum og Viðar Halldórsson sálfræðingur sem gerði grein fyrir vinnu sinni með hópnum.

Þá mætti Agnes Þóra Árnadóttir sem er að ljúka meistaranámi í íþróttanæringarfræði við Háskólann í Colorado Springs á fund hjá nefndinni með landsliðsþjálfurum þar sem hún gerði grein fyrir þeirri heilstæðu vinnu sem ætti sér stað með íþróttalandslið í Bandaríkjunum en hún hefur unnið með skautalandsliði Bandaríkjanna. Rætt var um næringarmál og einnig mikilvægi þess að meðhöndla íþróttameiðsl af fagmensku. Næringarmálin eru næst á dagskrá hjá okkur og þarf verkefnið að vera einstaklingsmiðað.

Markvarðþjálfun var tekin upp hjá öllum landsliðum á starfsárinu með ráðningu sérstakra þjálfara og er þetta gott skref framávið.

Sérstakir samstarfsaðilar að málefnum kvennalandsliða voru áfram Íslandspóstur, Míla og LSRetail en ARION banki kom sterkur inn og veita þeir verulega aukinn stuðning til uppbyggingar kvennahandboltans.

Kunnum við þeim miklar og góðar þakkir fyrir og reynum að gera þeirra hag sem mestan þar sem við getum.

Í júní næstkomandi er Þórir Hergeirsson væntanlegur með norska kvennalandsliðið í æfingabúðir á Laugarvatni og verða þær í 2 vikur á landinu. Leiknir verða æfingaleikir og eins fá þjálfarar tækifæri til að fylgjast með undirbúningi og vinnu þeirra.

Að lokum ber að geta þess að Helga H. Magnúsdóttir var kosin fyrst kvenna í stjórn EHF og er það mikil viðurkenning fyrir hana og Ísland.

Vil ég fyrir hönd nefndarinnar þakka öllum sem að komu fyrir ánægjulegt samstarf.

Landsleikjalisti:

A-kvenna

Fös. 7.des.2012	17.00	Vrsac	<u>Ísland - Rússland</u>	21-30
Mið. 5.des.2012	19.15	Vrsac	<u>Ísland - Rúmenía</u>	19-22
Þri. 4.des.2012	17.00	Vrsac	<u>Ísland - Svartfjallaland</u>	16-26
Lau. 1.des.2012	19.00	Luhacovice	<u>Ísland - Tékkland</u>	30-23
Fös. 30.nóv.2012	17.00	Luhacovice	<u>Ísland - Tékkland</u>	23-25
Sun. 7.okt.2012	14.00	Osló	<u>Ísland - Noregur</u>	23-22
Lau. 6.okt.2012	14.00	Osló	<u>Ísland - Noregur</u>	23-22
Mið. 3.okt.2012	17.15	Gautaborg	<u>Ísland - Svíþjóð</u>	24-24
Þri. 2.okt.2012	16.15	Gautaborg	<u>Ísland - Svíþjóð</u>	16-23
Lau. 15.sep.2012	10.00	Cheb	<u>Ísland - Tékkland</u>	21-28
Fös. 14.sep.2012	15.30	Arzberg	<u>Ísland - Slóvakía</u>	22-23
Fim. 13.sep.2012	14.00	Cheb	<u>Ísland - Ungverjaland</u>	21-35
Sun. 3.jún.2012	14.00	Zaporozshe	<u>Ísland - Úkraína</u>	20-22
Mið. 30.maí.2012	19.30	Vodafone höllin	<u>Ísland - Spánn</u>	21-18
Sun. 25.mar.2012	16.00	Vodafone höllin	<u>Ísland - Sviss</u>	31-16
Fim. 22.mar.2012	18.30	Sviss	<u>Ísland - Sviss</u>	26-19

-

U-20

Sun. 8.apr.2012	14.00	Antalya	<u>Ísland - Tyrkland</u>	22-29
Lau. 7.apr.2012	14.00	Antalya	<u>Ísland - Rúmenía</u>	25-41
Fös. 6.apr.2012	14.00	Antalya	<u>Ísland - Rússland</u>	19-41

U-18

Fös. 6.júl.2012	10.00	Gautaborg	<u>Ísland - Sviss</u>	31-33
-----------------	-------	-----------	-----------------------	-------

Mið. 4.júl.2012	14.30	Gautaborg	<u>Ísland - Litháen</u>	17-15
Mið. 4.júl.2012	09:15	Gautaborg	<u>Ísland - Finnland</u>	18-14
Þri. 3.júl.2012	9.00	Gautaborg	<u>Ísland - Ítalía</u>	16-17
Mán. 2.júl.2012	16.15	Gautaborg	<u>Ísland - Þýskaland</u>	10-29
Mán. 2.júl.2012	11.00	Gautaborg	<u>Ísland - Rúmenía</u>	18-23

Reykjavík

24.4.2012

f.h landsliðsnefndar kvenna

Árni Þór Árnason form.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Engin breyting varð á skipan landsliðsnefndar karla frá síðasta ári.

Nefndarmenn eru,

Einar Einarsson formaður

Jakob Sigurðsson

Páll Ólafsson

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Kristján Arason

Helstu markmið nefndarinnar er.

- 1) Að hafa umgjörð karlalandsliðana sem besta.
- 2) Skipuleggja þátttöku í Evrópu og Heimsmeistaramótum ásamt útvegum vináttulandsleikja.
- 3) Samhæfa þjálfun landsliðana setja lyftinga og þrekpróf á leikmenn og gera þá meðvitaða um hvernig þeir skulu æfa til að verða afreksmenn.
- 4) Ráða þjálfara fyrir landsliðin og hafa sérstaka markmannsþjálfara.
- 5) Koma að búningasamningum.

Landsliðsþjálfarar karlaliðanna:

A-landslið: Guðmundur Guðmundsson og Óskar Bjarni Óskarsson voru þjálfarar fram yfir Ólympíuleikana í London og vill Landsliðsnefndin nota tækifærið og þakka þeim frábært samstarf á liðnum árum en þeir

tóku við Landsliðinu í mars 2008. Í september 2012 var Aron Kristjánsson ráðinn landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar Gunnar Magnússon og Erlingur Richardsson. Jafnframt eru liðstjórar Íngibjörg Ragnarsdóttir, Jóhannes Runólfsson og Róbert Gíslason, sjúkrapjálfarar Elís Þór rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson, læknar Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarson.

20 ára lið: Þjálfarar eru Geir Sveinsson, Kristján Halldórsson, Sverrir Reynisson og sjúkrapjálfi Einar Óli Þorvarðarson.

18 ára lið: Þjálfari er Heimir Ríkharðsson til aðstoðar Magnús Jónsson, Gunnar Ernir Birgisson og Andrés Kristjánsson sjúkrapjálfi.

16.ára lið: Þjálfari Einar Guðmundsson og :

Íþróttalegur árangur hjá karlalandsliðunum er búin að vera nokkuð góður á síðasta starfsári.

A - landslið karla lenti í 11 sæti á EM í Serbíu í janúar 2012 og lenti í 5. sæti á Ólympíuleikunum í London í Svíþjóð og er komið í qualification riðil fyrir Ólympíuleikana í London. Hefur liðinu gengið mjög vel í forkeppni EM og er liðið nú þegar búið að tryggja sér farmiðann á EM 2014 í Danmörku. Í úrsltakeppni HM á Spáni lenti liðið í 12 sæti.

20 ára liðið lék í forkeppni EM sem fram fór á Íslandi við Bosníu og Eistland og komst liðið inn í úrslit EM sem fram fór í Tyrklandi í júlí 2012 og hafnaði liðið í 11. sæti.

18 ára landsliðið lék í forkeppnisriðli sem fram fór í Tyrklandi og vann sér rétt til að leika til úrslita á EM í Austurríki í júlí 2012 og hafnaði liðið í 15. sæti. Jafnframt lék liðið vináttuleiki í Frakklandi í október og tók þátt í Victors cup í lok desember 2012.

U - 16 ára landslið drengja lék 3 vináttulandsleiki í Frakklandi í október og 3 vináttulandsleiki á Íslandi við Noreg um síðustu áramót.

Eftirtaldir leikir voru hjá karlalandsliðum 2012 - 2013

A-karla

Lau. 29.des.2012	13.30	Laugardalshöll	Ísland - Túnis	34-24
Fös. 28.des.2012	19.45	Laugardalshöll	Ísland - Túnis	33-26
Sun. 4.nóv.2012	14.00	Piatra Neamt	Ísland - Rúmenía	37-30
Mið. 31.okt.2012	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Hvíta-Rússland	36-28
Mið. 8.ágú.2012	10.00	London	Ísland - Ungverjaland	33-34
Mán. 6.ágú.2012	15.15	London	Ísland - Bretland	41-24
Lau. 4.ágú.2012	18.30	London	Ísland - Frakkland	30-29
Fim. 2.ágú.2012	20.15	London	Ísland - Svíþjóð	33-32
Þri. 31.júl.2012	08:30	London	Ísland - Túnis	32-22

Sun. 29.júl.2012	08:30	London	Ísland - Argentína	31-25
Mán. 23.júl.2012	20.15	Kaplakriki	Ísland - Argentína	29-22
Lau. 21.júl.2012	16.00	Kaplakriki	Ísland - Argentína	27-23
Sun. 15.júl.2012	14.30	Strassborg	Ísland - Túnis	31-27
Fös. 13.júl.2012	18.15	Strassborg	Ísland - Spánn	26-30
Lau. 16.jún.2012	17.30	Sittard-Geleen	Ísland - Holland	32-24
Sun. 10.jún.2012	18.30	Laugardalshöll	Ísland - Holland	41-27
Sun. 8.apr.2012	16.00	Varazdin	Ísland - Króatía	28-31
Lau. 7.apr.2012	16.15	Varazdin	Ísland - Japan	41-30
Fös. 6.apr.2012	18.15	Varazdin	Ísland - Chile	25-17
Pri. 3.apr.2012	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Noregur	34-34
Mið. 14.mar.2012	19.00	Mannheim	Ísland - Þýskaland	22-32
Mið. 25.jan.2012	15:10	Novi Sad	Ísland - Frakkland	29-29
Pri. 24.jan.2012	15:10	Novi Sad	Ísland - Spánn	26-31
Sun. 22.jan.2012	15:10	Novi Sad	Ísland - Ungverjaland	27-21
Fös. 20.jan.2012	17:10	Vrsac	Ísland - Slóvenía	32-34
Mið. 18.jan.2012	19:10	Vrsac	Ísland - Noregur	34-32
Mán. 16.jan.2012	19:10	Vrsac	Ísland - Króatía	29-31
Fös. 13.jan.2012	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Finnland	43-25
Sun. 8.jan.2012	15.15	Aarhus	Ísland - Danmörk	27-31
Lau. 7.jan.2012	13.15	Herning	Ísland - Slóvenía	29-26
Fös. 6.jan.2012	16.00	Kolding	Ísland - Pólland	31-31

-

u-21

Lau. 14.júl.2012	13.00	Ankara	Ísland - Pólland	32-28
Fös. 13.júl.2012	14.00	Ankara	Ísland - Rússland	24-27
Mið. 11.júl.2012	12.00	Ankara	Ísland - Frakkland	29-28

Pri. 10.júl.2012	10.00	Ankara	Ísland - Serbía	24-23
Sun. 8.júl.2012	12.00	Ankara	Ísland - Sviss	22-28
Fös. 6.júl.2012	12.00	Ankara	Ísland - Svíþjóð	23-36
Fim. 5.júl.2012	10.00	Ankara	Ísland - Danmörk	22-28
Sun. 8.apr.2012	14.00	Víkin	Ísland - Eistland	28-24
Fös. 6.apr.2012	20.30	Víkin	Ísland - Bosnía - Herzegovína	30-28
Lau. 14.jan.2012	16.00	Laugardalshöll	Ísland - Finnland	27-30

U-18 kk

Lau. 29.des.2012		Merzig	Ísland - Hvíta-Rússland	31-24
Lau. 29.des.2012		Merzig	Ísland - Sviss	16-28
Fös. 28.des.2012	09:30	Merzig	Ísland - Pólland	15-20
Fös. 28.des.2012	16.30	Merzig	Ísland - Þýskaland	19-24
Fim. 27.des.2012	16:05	Merzig	Ísland - Finnland	:05
Sun. 4.nóv.2012	11.00	París	Ísland - Pólland	31-24
Lau. 3.nóv.2012	18.30	París	Ísland - Frakkland	25-24
Fös. 2.nóv.2012	16.30	París	Ísland - Þýskaland	20-27
Lau. 21.júl.2012	10:30	Bregenz	Ísland - Finnland	27-26
Fös. 20.júl.2012	13.00	Hard	Ísland - Sviss	20-25
Mið. 18.júl.2012	10.00	Hard	Ísland - Tékkland	26-27
Pri. 17.júl.2012	14.00	Hard	Ísland - Noregur	30-37
Sun. 15.júl.2012	12.00	Bregenz	Ísland - Frakkland	28-28
Fös. 13.júl.2012	12.00	Bregenz	Ísland - Svíþjóð	22-33
Fim. 12.júl.2012	16.00	Bregenz	Ísland - Þýskaland	22-22
Sun. 15.apr.2012	16.00	Antalya	Ísland - Tyrkland	17-14
Lau. 14.apr.2012	14.00	Antalya	Ísland - Moldavía	43-21

Fös. 13.apr.2012	14.00	Antalya	Ísland - England	38-20
-				

U-16 kk

Lau. 3.nóv.2012	16.30	Soissons	Ísland - Ungverjaland	23-28
Fös. 2.nóv.2012	16.30	Soissons	Ísland - Noregur	33-31
Fim. 1.nóv.2012	18.30	Soissons	Ísland - Frakkland	26-41

Landsliðsnefnd karla vill þakka stjórn, starfsmönnum, og landsliðspjálfurum HSÍ ásamt landsliðsmönnum samstarfið á keppnistímabilinu.

Einar Einarsson

Formaður Landsliðsnefndar

Skýrsla vegna Ólympíuleikana í London.

Inngangur:

Handknattleikssamband Íslands fékk keppnisrétt fyrir karlalandsliðið á Ólympíuleikunum í London í sérstakri forkeppni sem fram fór í byrjun apríl 2012. Lékum við vináttulandsleik við Norðmenn á Íslandi til að undirbúa liðið sem best fyrir forkeppni ÓL.

Var þessi keppni haldinn með 4. þjóðum

Króatíu, Íslandi, Japan og Chile og komust tvo lið áfram.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi hjá íslenska liðinu:

- 6. apríl 2012 Ísland – Chile 25-17
- 7. apríl 2012 Ísland – Japan 41-30
- 8. apríl 2012 Ísland – Króatía 28-31

Þeir leikmenn sem að valdir voru til þátttöku í forkeppninni fyrir hönd Íslands voru eftirtaldir leikmenn.

- Björgvin Gústavsson
- Hreiðar Guðmundsson
- Guðjón Valur Sigurðsson
- Arnór Atlason
- Róbert Gunnarsson
- Snorri Steinn Guðjónsson
- Ólafur Stefánsson, fyrirliði
- Ásgeir Örn Hallgrímsson
- Ingumundur Ingimundarson

- Sverre Jakobsson
- Vignir Svavarsson
- Kári Kristján Kristjánsson
- Aron Pálmarson
- Þórir Ólafsson
- Rúnar Kárasen
- Ólafur Bjarki Ragnarsson

Þetta fyrirkomulag hefur verið við líði frá því fyrir Ólympíuleikana í Peking og núna fyrir London áður fyrr fengu liðin réttin í gegnum Heimsmeistaramótin og er þetta fyrirkomulag kostnaðarsamara en áður. Reyndar færðist þessi forkeppni núna frammar á árið þannig að við höfðum tæpa fjóra mánuði til að undirbúa okkur fyrir keppnina sem fellst aðallega í að útvega fjármagn og skipuleggja undirbúningin sem eru landsleikir, æfingabúðir, flutningar á fjölskyldum, íbúðir og fleira.

Eftirtaldir leikmenn voru valdir til þátttöku á Ólympíuleikunum í London

- Björgvin Gústavsson
- Hreiðar Guðmundsson
- Guðjón Valur Sigurðsson
- Arnór Atlason
- Róbert Gunnarsson
- Snorri Steinn Guðjónsson
- Ólafur Stefánsson, fyrirliði
- Alexander Peterson
- Ásgeir Örn Hallgrímsson
- Ingimundur Ingimundarson
- Sverre Jakobsson
- Vignir Svavarsson
- Kári Kristján Kristjánsson
- Aron Pálmarson

Jafnframt var Ólafur Bjarki Ragnarsson 15 maður og var hann til vara ef að meiðsl myndu koma upp í hópnum.

Jafnframt fóru sjö starfsmenn á leikana með liðinu:

- Guðmundur Guðmundsson þjálfari
- Óskar Bjarni Óskarsson aðstoðarþjálfari
- Róbert Geir Gíslason liðsstjóri
- Pétur Gunnarsson sjúkraþjálfari
- Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari
- Gunnar Magnússon tæknimaður
- Brynjólfur Jónsson læknir
- Einar Þorvarðarson flokkstjóri

Undirbúningur

Undirbúningur fyrir Ólympíuleikana hófst með tveim umspilsleikjum við Hollendinga í Júní sem gáfu okkur réttin inn á HM á Spáni og stóð sá undirbúningur frá 4. -17. júní.

Loka undirbúningur fyrir leikana hófst 3.júlí og var liðið saman á Íslandi við æfingar og lék tvo leiki í Eurotournament sem fór fram í Frakklandi. Síðan lék liðið tvi leiki við Argentínu í Hafnarfirði 21. og 22. Júlí.

Liðið lék 5 landsleiki fyrir Ólympíuleikana. Æfði liðið í íþróttahúsum Fram og Vals ásamt því að hafa aðstöðu til lyftingæfinga í Laugum og aðstöðu til hlaupaæfinga á Laugardalsvelli.

Mikill flutningur á fjölskyldum landsliðsmanna átti sér stað vegna þessara verkefna í maí, júní og júlí þar sem að allir leikmenn liðsins nema einn voru búsettir erlendis. Var þetta nokkuð flókið því sumir þurftu íbúðir fyrir sig og fjölskyldur sínar ásamt því að HSI þurfti að útvega bíla fyrir leikmenn til þess að þeir geti sótt æfingar. Hópurinn sem að kom til landsins vegna þessa undirbúnings voru ekki bara leikmenn það voru líka fjölskyldur þeirra og eru þetta rúmlega 60 manns með börnum og eiginkonum.

Keppnin:

Þegar dregið var í riðla fyrir Ólympíuleikana þá lenti Íslenska liðið í riðli með Argentínu, Túnis, Svíþjóð, Frökkum og Bretlandi.

Markmið:

Fyrsta markmið Íslenska liðsins fyrir þessa leika var að komast inn í milliriðil og þar með að ná einu af fjórum efstu sætum riðilsins. Það tókst og vann Ísland riðilinn.

➤ 1.leikur	29. júlí 2012	Ísland - Argentína	31-25
➤ 2.leikur	31. júlí 2012	Ísland – Túnis	32-22
➤ 3.leikur	2. ágúst 2012	Ísland - Svíþjóð	33-32
➤ 4.leikur	4. ágúst 2012	Ísland - Frakkland	30-29
➤ 5.leikur	6. ágúst 2012	Ísland - Bretland	41-24

Liðið lenti í 1. sæti í riðlinum og fékk Ungverja sem mótherja en þeir höfðu lent í fjórða sæti í sínum riðli. Þessi leikur var geysilega spennandi allan tíman og var hann tvíframlengdur. Því miður tókst okkur ekki að vinna þennan leik endaði hann með sigri Ungverja 34-33 og varð niðurtstaðan fimmta sætið á Ólympíuleikunum í London.

Niðurstaða:

Liðið lék frábæran handbolta á þessu móti og var hvergi veikan blett að finna í leik liðsins. Allur undirbúningur, allar ákvarðanir um æfingar, frítíma leikmanna gengu upp og má segja að reynsla undanfarinna tólf ára við afreksrekstur karlalandsliðsins í Handknattleik hafi skilað sér á þessum Ólympíuleikum eins og í Peking. Starfsfólk HSÍ vann frábært starf á og er það óhugsandi fyrir þá sem ekki þekkja til að sjá hvað vinnuframlag svona hóps er mikið. Það fékk enginn frídag hjá HSÍ meðan á leikunum stóð allir lögðust á eitt að ná sem bestum árangri. Það eru forréttindi að fá að starfa með svona samhentum hóp sem Íslenska karlalandsliðið og starfsfólk þess er.

Lokaorð:

Ólympíuleikunum í London er lokið og voru þetta sjöttu Ólympíuleikarnir sem ég hef farið á og má segja að umgjörðin hafi verið góð en íbúðir þær sem starfsfólk HSÍ hafði hafi verið of litlar. Ég vil þakka Íþrótt og Ólympíusambandinu fyrir samstarfið þeim Liney Halldórsdóttur, Andra Stefánssyni, Höllu Kjartansdóttur, Erni Andréssyni og Örvari Sigurðssyni ásamt fagteymi ÍSÍ. Jafnframt vil ég þakka öllum flokkstjórum, þjálfurum og keppendum fyrir samstarfið sem var ánægjulegt.

Kærar þakkir

Einar Þorvarðarson
Framkvæmdastjóri HSÍ/Flokkstjóri HSÍ

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2012-2013

Vigfús Þorsteinsson, formaður.

Ásta Björk Sveinsdóttir

Pétur Vilberg Guðnason

Viktor Ragnarsson

Sigurður Örn Þorleifsson.

Starfsmaður mótanefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkun góð störf.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Einnig hélt mótanefnd nokkra fundi.

Samráðsfundir

Umferðartal meistaraflokka var kynnt í maí. 2012.


Formannafundur í mars 2013 ákvað að setja saman nefnd um breytingar á liðafjölda í deildum og skilar hún tillögu fyrir þetta þing.

Formannafundur yngri flokka var haldinn í maí 2012, þar sem fyrirhugaðar breytingar á mótafyrirkomulagi fyrir þetta tímabil voru ræddar og samþykktar.

Mótanefnd ákvað að breyta fyrirkomulaginu þannig að nú var haldinn fundur í byrjun apríl, þar sem fyrirhugaðar breytingar voru kynntar og haldinn verður fundur í maí líkt og áður þar sem ákvarðanir verða teknar.

Meistaraflokkar

Nú eru uppi hugmyndir um að breyta liðafjölda í efstu deild og því ekki úr vegi að að skoða hvernig heildarliðafjöldi í karla og kvenna flokkum hefur verið undanfarin ár



Síðast voru fleiri en 16 lið tímabilið 2001, en þá voru 17 lið í keppni og 18 lið tímabilið 2000.

Yngri flokkar

Í ár var 4. flokkur árgangaskiptur líkt og 5. og 6. Fl og ekki var spilað í B liðum. Mótanefnd telur að farsælast að við höldum þessu fyrirkomulagi í amk 1-2 ár í viðbót til að fá reynslu af þessu, áður en menn fara að velta því fyrir sér að breyta því aftur.

Breytingar á leikjum


Á hverju ári er töluvert um það að óskað sé eftir breytingum á leikjum vegna hinna ýmsu ástæðna, það er spurning hvort það gæti verið farsælt að slaka aðeins á klónni í yngri flokkum, þannig að félög geti komið sér saman um að hliðra til leikjum að gefnum ákveðnum skilyrðum, s.s. fyrirvara, annar leiktími sé klár, ekki sé verið að færa leikinn langt fram eða aftur í tíma osfrv. Þetta er hægt að réttlæta með því að aðalmarkmið í yngstu flokkunum sé að allir geti verið með. Þetta gæti aftur á móti þýtt að sumir frá frestað en aðrir ekki, þar sem félögin þurfa að koma sér saman um færsluna.

Framkvæmd leikja

Umsagnaskýrslum um framkvæmd leikja í yngri flokkum er að fjölga á milli ára. Síðasta keppnistímabil fær áberandi slökustu einkunnargjöfina og þá er það umhugsunarefni að dómarar og dómgæsla eru að fá slakar einkunnir, en einkunn um dómara á við **aldur dómara, klæðnaður, framkoma o.s.frv.** Eitthvað sem á að vera auðvelt að lagfæra.

Tímabil	Fj.	Dómarar	Dómgæsla	Starfsm	Aðstaða	Tími
2011	34	3,4	3,0	3,7	4,3	4,5
2012	39	4,2	3,5	4,2	4,3	4,7
2013	53	3,4	3,1	3,8	4,1	3,8

Þá er ekki hægt að sjá það þegar úrslit eru skoðuð að þrátt fyrir að heimalið sjái um dómara í 3. og 4. flokki, að það hafi merkjanleg áhrif á úrslit leikja skv. meðfylgjandi grafi




Það sama er uppi á teningnum þegar skýrslur um móthald í 5. – 8. flokki eru skoðaðar (vantar reyndar skýrslur fyrir síðustu mótin 2013) að síðasta ár virðist vera það slakasta sl. Þrjú ár.

Tímabil	Fj.	Upps.	Tími	Dómarar	Starfsm.	Uppl.	Aðstaða
2011	176	4,0	4,3	3,4	3,4	4,2	4,1
2012	189	4,0	4,5	3,5	3,5	4,1	4,2
2013	167	3,9	4,5	3,5	3,5	4,0	3,9

Liðafjöldi

Eins og sjá má á meðfylgjandi grafi má sjá að iðkendum er að fjölga í 4. flokki síðustu 3-4 árin og er það vonandi fjölgun sem á eftir að fylgja þessum árgöngum upp í elstu flokka



Með handboltakveðju

Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Haustfundur var haldinn í 1. September 2012 þar sem mættu rúmlega þrjátíu C-stigs dómara og flestir eftirlitsmenn ásamt nokkrum dómaratengiliðum. Dómarar gengust undir bæði bókleg og líkamleg próf með góðum árangri og á fundinum var farið yfir leikreglur og áherslur vetrarins. Á fundinum var öllum skipt í vinnuhópa til að ræða samskipti dómara við leikmenn, þjálfara og starfsmenn auk þess sem fulltrúi HK fjallaði um hvernig þeir upplifðu breytt viðhorf til dómara í úrslitakeppninni á síðasta tímabili. Annar fundur var síðan haldinn í janúar þar sem allir gengust undir bæði bóklegt og líkamlegt próf og Hafrún Kristjánsdóttir flutti erindi um samskipti dómara.

Fundur var haldinn með þjálfurum sunnudaginn 2. september þar sem farið var yfir haustfund dómara og þeim kynntar þær áherslur sem þar voru teknar fyrir auk þess sem fulltrúi HK flutti sitt erindi frá dómarafundinum.

Í september var einnig haldinn fundur með dómaratengiliðum, sem er nýtt hlutverk hjá félögunum og sett upp til að efla tengsl við dómaranefnd og uppbyggingu dómaramála í hverju félagi fyrir sig. Ágæt þátttaka var á fundinum og talsverðar væntingar eru um að þetta hlutverk hjálpi til við að bæta umgjörð dómaramála.

Í vetur var í annað skipti beitt viðurlögum þegar félög útveguðu ekki réttindadómara á leiki í 3. flokki og ef þau gátu ekki tilkynnt C-stigs dómara með þátttökutilkynningum í meistaraflokki. Gerð var samantekt síðastliðið haust á sektargreiðslum félaga og má sjá sundurliðun hennar hér að neðan.

Eiga að útvega

Hafa tilnefnt

2012-2013

2011-2012

2010-2012

Afturelding	4	2	-2	210.000	105.000	105.000
Akureyri	2	1	-1	105.000	0	210.000
FH	4	3	-1	105.000	80.000	285.000
Fjölnir	2	2	0	0	0	0
Fram	4	5	1	0	0	0
Fylkir	4	0	-4	430.000	0	180.000
Gróttta	4	1	-3	320.000	160.000	0
Haukar	4	3	-1	105.000	0	90.000
HK	4	2	-2	210.000	160.000	0
ÍBV	4	1	-3	320.000	160.000	390.000
ÍR	2	2	0	105.000	0	90.000
KA/Þór	2	0	-2	220.000	160.000	0
Selfoss	4	3	-1	105.000	0	210.000
Stjarnan	4	0	-4	430.000	260.000	390.000
Valur	4	0	-4	430.000	370.000	390.000
Víkingur	2	1	-1	105.000	100.000	105.000
Þróttur	2	0	-2	210.000	0	0
			-			
	56	26	30	3.410.000	1.555.000	2.445.000

Ljóst er að ef félög líta á sektargreiðslur sem betri útgönguleið heldur en að útvega dómara að þá þarf að hækka þær verulega.

A-stigs námskeið voru haldinn á mánudögum eftir beiðni félaganna og héldu 13 félög slík námskeið á tímabilinu.

Nokkur B-stigs námskeið voru haldinn með breyttu sniði þar sem 51 einstaklingar þreyttu próf.

Margrét Berg Theodórsdóttir og Arna Garðarsdóttir hafa borið hitann og þungan af fræðslunámskeiðum dómaranefndar. Án þeirra hefði ekki verið hægt að halda úti svo öflugri fræðslu og er þeim sérstaklega þakkað fyrir frábært framlag.

Valgeir Ómarsson hefur séð um niðurröðun dómara fyrir hönd dómaranefndar ásamt Róberti G. Gíslasyni á skrifstofu HSÍ og Guðjón L. Sigurðsson um innlend og erlend samskipti. Hallur Halldórsson hefur séð um samskipti við dómaratengiliði og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur farið yfir eftirlitsmannakerfið.

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna.

Anton og Hlynur dæmdu í úrslitakeppni HM á Spáni og stóðu sig þar sem þeir dæmdu meðal annars annan undanúrslitaleik mótsins.

Bæði þeir og Ingvar og Jónas hafa verið að dæma mikið í meistaradeild EHF og eru þau meðal fremstu dómarapara í heiminum í dag.

Arnar og Svavar fóru á námskeið fyrir IHF dómara í Barcelona í ágúst 2012 þar sem þeim gekk mjög vel.

Einn nýr eftirlitsmaður bættist í hópinn í haust og þrír nýir C-stigs deildardómarar en álíka margir hættu á tímabilinu.

Eftirlitsmenn EHF fóru á námskeið í Vín í maí 2012 til að endurnýja þekkingu sína og til að taka próf sem allir stóðust með glans. Kjartan K. Steinbach ákvað að mæta ekki og láta gott heita í bili en við vonum að hann komi aftur til starfa fljótlega. Helga Magnúsdóttir er ekki lengur gjaldgeng sem eftirlitsmaður EHF vegna þess að hún var kosin í framkvæmdarnefnd EHF og óskum við henni innilega til hamingju með það.

Dómaranefnd hélt nokkra fundi þar sem starfsmaður HSÍ, Róbert Gíslason, sat fundi og skráði þá.

Kristján Halldórsson var dómaranefnd innan handar við að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara þriðja árið í röð og skilaði það sér í besta líkamlega atgervi dómara frá upphafi. Róbert Gíslason hefur veitt ómetanlega aðstoð við boðun dómara og utanumhald við rekstur dómaramála. Dómaranefnd færir þeim félögum þakkir fyrir frábært framlag.

Dómaranefnd HSÍ 2012-2013.

Guðjón L. Sigurðsson, formaður

Arna Garðarsdóttir

Hallur Halldórsson

Margrét Theodórsdóttir

Valgeir Ómarsson

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

EHF/IHF dómarar.

Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

EHF dómarar.

Arnar Sigurjónsson - Svavar Pétursson

EHF Candidates.

Engir

EHF Young Referee Project (YRP)

Matthías Leifsson – Örn Arnarson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson

Guðjón L. Sigurðsson

Kristján Halldórsson

Ólafur Örn Haraldsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Einar Sveinsson

Helga Magnúsdóttir

Margrét Berg Theodórsdóttir

Valgeir Ómarsson

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ
--

Nefndin var þannig skipuð í upphafi :

Gunnar Örn Erlingsson, formaður

Hilmar Garðar Hjaltason

Hrafnhildur Skúladóttir

Inga Fríða Tryggvadóttir

Fyrir ári síðan var byrjað að breyta þjálfaramenntunarkerfi HSÍ og byggja það upp frá grunni. Farið var eftir kröfum Evrópska Handknattleikssambandsins (EHF) og einnig tekið tillit til sérstöðu okkar sem

handboltapjóðar. Ákveðið var hvernig áherslurnar ættu að vera hjá okkur og sett uppnákvæm útlistun á því hvernig kerfið ætti að vera uppbyggt. Þjálfaramenntunarkerfi HSÍ er 3 stig sem síðan skiptast hvert um sig í 3 þrep. Þegar þjálfarar hafa lokið 3 C hjá HSÍ þá eru þeir búnir að ljúka allri þjálfaramenntun sem er í boði hjá HSÍ. Þegar þessu var lokið var þetta sent til EHF og sótt um að komast inn í Rinck-Convention sem er þjálfaramenntunarkerfi EHF. Í júní 2012 var umsóknin samþykkt án breytinga og HSÍ tekið inn í menntunarkerfi EHF. Alls eru 31 Evrópuþjóð aðili að Rinck-Convention og búið er að samræma alla þjálfaramenntun í Evrópu. Þegar þjálfarar hafa lokið menntun hjá sínu handknattleikssambandi þá geta þeir farið á Master-Coach námskeið hjá EHF sem er æðsta þjálfaragráða í Evrópu.

Þegar EHF var búið að samþykkja HSÍ inn í RINCK – Convention, þurfti að raða íslenskum þjálfurum inn í kerfið. Búnir voru til spurningalistar um menntun, reynslu, handknattleiks- og þjálfaraferil og sendir til allra íslenskra þjálfara. Mikill áhugi var hjá þjálfurum að vera metnir inn í kerfið og var svörunin mjög góð. Að þessu loknu voru búnar til forsendur til að raða niður í kerfið og síðan lögð mikil vinna í að fara yfir svör þjálfaranna. Þegar upp var staðið þá var búið að meta 122 þjálfara inn í kerfið og það voru 9 þjálfarar sem töldust hafa lokið öllum stigunum. Næsta mál á dagskrá er að halda námskeið samkvæmt þessu nýja kerfi, búið er að ákveða í smáatriðum hvað á að kenna á hverju námskeiði fyrir sig og hvernig þau eiga að vera uppbyggð. Næstu námskeið sem boðið verður upp á verða í maí, júní, ágúst og september.

Í byrjun júní 2012 þá stóð fræðslunefnd HSÍ að venju fyrir handboltaskóla fyrir stelpur og stráka sem voru 14 ára gömul. Hvert félag má tilnefna 4 þátttakendur af hvoru kyni og alls voru rúmlega 150 krakkar sem tóku þátt í handboltaskólanum. Í framhaldi af honum þá var ákveðið að vera með úrtaksæfingar fyrir þennan hóp til að halda sem best utan um efnilegustu krakkana hjá okkur og eru búnar að vera 3 æfingahelgar hjá þessum árgangi síðan.

Í ágúst var rætt um á fundi fræðslunefndar að reyna að koma handboltanum meira inn í íþróttakennsluna hjá grunnskólunum og ákveðið að Árni Stefánsson myndi fara á endurmenntunarhelgi íþróttakennara í byrjun september og kynna fyrir þeim handbolta. Búinn var til bæklingur af þessu tilefni með 55 handboltaæfingum og handboltalíkum leikjum sem var kynntur sérstaklega og rætt við íþróttakennarana um að vera í samstarfi við HSÍ um að breiða út handbolta. Þetta mæltist mjög vel fyrir og í framhaldinu var rætt við íþróttakennara um að vera með átak í janúar þegar HM í handbolta er hjá karlalandsliðinu. Einnig var rætt hvort hægt væri að vera með þetta í desember, þegar EM er hjá kvennalandslíðinu en jólamánuðurinn var ekki talinn góður tími þar sem svo margt annað væri í gangi.

Í október stóð fræðslunefnd HSÍ ásamt FH fyrir fræðslufundi, þar sem Henrik Kronborg aðstoðarlandsliðsþjálfari Dana fór yfir hvernig Danir skipuleggja sína unglingaþjálfun og hvernig þjálfunin er samræmd hjá þeim frá A-landsliðinu niður í yngri landsliðin. Auk þess kynnti Árni Stefánsson fræðslustjóri HSÍ á fundinum nýtt þjálfunarmenntunarkerfi HSÍ.

Í nóvember var farin á vegum fræðslunefndar, ferð til Akureyrar og Húsavíkur þar sem fundað var með forráðamönnum annars vegar og þjálfurum hins vegar. Einnig var æfing sett upp á Húsavík fyrir stráka og stelpur sem tókst mjög vel.

Eftir undirbúningsvinnu hjá fræðslunefnd, Aroni Kristjánssyni og HSÍ var í nóvember 2012 var farið af stað með átak í markmannsþjálfun. Ákveðið var að fá hóp af reyndum markmannsþjálfurum í lið með okkur og auk þess var fenginn þekktur markmannsþjálfari frá Danmörku, Tom Jensen, til að koma til Íslands í byrjun desember. Þá var vinnuhelgi með öllum þessum aðilum, þar sem mótuð var stefna HSÍ sambandi við markmannsþjálfun og lagðar línur með framhaldið. Byrjað var strax að búa til efni sem nýtist í þjálfun markmanna og haft samband við félögin um hvernig best væri að framkvæma þetta. Í janúar var byrjað með æfingar fyrir alla markmenn landsliðanna, bæði eldri og yngri landsliðanna og að auki var öllum markmönnum boðið, sem félögin vildu senda á þessar æfingar. Alls mættu um 40 markmenn á fyrstu æfinguna og hafa þessar æfingar verið á tveggja vikna fresti síðan. Þetta framtak hefur mælst mjög vel fyrir hjá markmönnum, foreldrum og þjálfurum. Á næstunni mun fræðslunefnd HSÍ gefa út efni sem þjálfarar geta notað á æfingum og einnig stendur til að búa til efni á myndrænu formi sem mun nýtast bæði markmönnunum sjálfum og þjálfurum þeirra. Í febrúar fóru fulltrúar frá HSÍ og markmannsteyminu til Akureyrar, funduðu með þjálfurum og forráðamönnum félaganna á Norðurlandi og voru með æfingu fyrir markmenn. Alls mættu 22 markmenn af öllu Norðurlandi á æfinguna.

Milli jóla og nýárs stóð fræðslunefnd fyrir Handboltadegi í tengslum við landsleik Íslands og Túnis. Eftir leik þá fengu allir krakkar sem vildu, að taka þátt í handboltaþrautum sem landsliðsmenn og konur sáu um, fengu að skjóta á landsliðsmarkmennina, krakkarnir fengu áritaðar myndir af landsliðinu og fengu að láta taka mynd af sér með hetjunum sínum. Þetta framtak mæltist mjög vel fyrir hjá krökkunum og foreldrum og verður fastur liður í framtíðinni.

Ákveðið var að fara í útbreiðsluáttak, Komdu í handbolta, í janúar á sama tíma og HM karla í handbolta var á Spáni. Allir íþróttakennarar í grunnskólum landsins fengu í hendurnar bækling með 55 handboltaæfingum og handboltalíkum leikjum og voru góð viðbrögð hjá íþróttakennurum sem voru með handboltavikur hjá sér í kennslunni. Í tengslum við þetta voru mörg félög sem tóku vel við sér og voru með kynningu á starfsemi sinni og buðu krökkum að koma og æfa frítt í 2 vikur meðan á HM stóð. Þetta átak tókst vel og var greinileg aukning hjá mörgum félögum í framhaldinu. Með því að auka samvinnu HSÍ og íþróttakennara eru miklir möguleikar á að breiða út handboltann.

HSÍ hefur verið í viðræðum við Ísfirðinga um að fara vestur á Ísafjörð til að funda og vera með æfingar. Tillaga kom fram um að fara um páskana og vera með fundi, æfingar og kynningu á svampbolta. Þegar til kom þá reyndist sú tímasetning ekki nógu góð og var ákveðið að fresta heimsókninni þangað til í maí.

Búið er að ræða við íþróttakennara í grunnskólunum um að koma aftur á grunnskólamóti í handbolta í samvinnu við íþróttakennara og félögin. Skipta því niður í keppni í hverfum og hverjum landshluta fyrir sig, fá félögin og þekkta leikmenn til að aðstoða og kynna mótið og hafa svo úrslitin í tengslum við stóran handboltaviðburð, svo sem landsleik eða bikarúrslit. Þetta er atburður sem myndi vekja mikinn áhuga á handbolta og yrði góð kynning og auglýsing út á við fyrir okkur. Hugmyndin er að reyna að byrja með þetta mót næsta vetur.

Annað sem er helst á döfinni fyrir næsta vetur er að vera t.d. með stutta fundi um ýmis málefni, t.d. hádegisfundi þar sem fjallað er um eitthvað sem er ofarlega á baugi. Vera með opnar æfingar þar sem þjálfarar sýna sínar uppáhaldsæfingar og svara spurningum eftir æfinguna. Vera með kvöldfundi með 2-3 fyrirlesurum og hafa umræður á eftir. Halda opin dagsnámskeið, bæði bókleg og verkleg, þar sem fengnir eru þekktir þjálfarar eða kennarar til að fjalla um ýmsa hluti.

F.h. Fræðslu og útbreiðslunefndar

Gunnar Örn Erlingsson

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður

Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur

Einar Sveinsson

Til vara:

Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 29. apríl hélt aganefnd 25 bókaða fundi og tók fyrir 48 mál sem henni voru send. Öll mál voru afgreidd. Hér er um svipaðan fjölda mála og á síðasta ári. Of mörg mál eru enn vegna framkomu leikmanna í yngri flokkum og er það hlutur sem aganefnd telur að aðildafélög HSÍ hvert og eitt þurfi að fara yfir hjá sér.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu en einnig um rautt spjald við 3ju ítrekun eða fleiri, sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Gunnar K. Gunnarsson

Formaður.

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri sambandsins tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra einnig eru þeir yfirfarnir af skoðunarmönnum og endurskoðendum hjá Fjárstoð ehf.

HSÍ

Ársreikningur

2012

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
kt. 590169-4049

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2012, efnahagsreikningi 31. desember 2012 ásamt sundurliðunum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap sambandsins á árinu kr. 3.599.916 og er það fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári. Eigið fé í árslok er jákvætt um 17.481.736.

Það er álit okkar að ársreikningurinn veiti nægjanlegar upplýsingar um fjárreiður og skuldbindingar sambandsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu þess 31.12.2012

Reykjavík 23. apríl 2013.


Jón Gestur Viggósson


Guðmundur Frimannsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar HSÍ


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir HSÍ vegna ársins 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða HSÍ við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Kópavogur 21. apríl 2012



Fjárstoð ehf

Skýrsla stjórnar

Tap HSÍ á árinu 2012 nam kr. 3.599.916. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 53.297.827, bókfært eigið fé í árslok er kr 17.481.736.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra HSÍ koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri HSÍ staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Kópavogur, 21. apríl 2012

I stjórn


stjórnarformaður


nafn



nafn



nafn



Framkvæmdastjóri

nafn

nafn



Rekstrarreikningur til 31.12.2012

	Skýr.	2012	2011
Framlög og styrkir		63.888.468	46.316.025
Aðrir styrkaraðilar		124.458.913	107.964.206
Tekjur af landsleikjum		22.541.541	18.159.944
Íslandsmót		6.993.502	7.356.376
Aðrar tekjur		6.072.175	6.586.728
Rekstartekjur alls:		223.954.599	186.383.279
Kostnaður landsliða		(107.105.844)	(82.669.893)
Laun og launatengd gjöld		(27.605.204)	(19.477.321)
Verktakagreiðslur		(29.652.793)	(20.961.173)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(12.798.958)	(8.619.169)
Annar rekstrarkostnaður		(11.095.526)	(12.102.632)
Mótakostnaður	4	(37.427.076)	(40.005.393)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(1.730.802)	2.547.698
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi		0	0
Fjármunatekjur	2	243.554	67.335
Fjármagnsgjöld	3	(2.112.668)	(3.416.304)
Tap ársins		(3.599.916)	(801.271)

Efnahagsreikningur 31.12.2012

Eignir	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	2.331.445	476.845
		<u>2.331.445</u>	<u>476.845</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	41.793.061	37.863.947
Aðrar skammtímakröfur	5	9.170.554	7.419.292
Handbært fé	5	2.767	5.100.395
		<u>50.966.382</u>	<u>50.383.634</u>
Eignir		<u>53.297.827</u>	<u>50.860.479</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	17.481.736	21.081.652
Eigið fé		<u>17.481.736</u>	<u>21.081.652</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	7	20.025.925	15.424.292
Skuldir við lánastofnanir		7.037.081	3.036.832
Aðrar skammtímaskuldir	7	8.753.085	11.317.703
		<u>35.816.091</u>	<u>29.778.827</u>
Skuldir		<u>35.816.091</u>	<u>29.778.827</u>
Eigið fé og skuldir		<u>53.297.827</u>	<u>50.860.479</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur HSÍ fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2. Fjármunatekjur

	2012	2011
Vaxtatekjur af bankareikningum	90.388	75.889
Gengishagnaður	153.166	(8.554)
	<u>243.554</u>	<u>67.335</u>

3. Fjármagnsgjöld

	2012	2011
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(586.837)	(526.114)
Dráttarvaxtagjöld	(1.525.316)	(2.899.596)
Önnur vaxtagjöld	(515)	9.406
	<u>(2.112.668)</u>	<u>(3.416.304)</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Íþrótta- gólf	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	476.845	476.845
Eignfært á árinu	2.318.250	2.318.250
Staða í árslok	<u>2.795.095</u>	<u>2.795.095</u>
Afskriftir		
Afskrift ársins	463.650	463.650
Staða í árslok	<u>463.650</u>	<u>463.650</u>
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	476.845	476.845
Bókfært verð í árslok	<u>2.331.445</u>	<u>2.331.445</u>

Skýringar

5. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Innlendar viðskiptakröfur	48.343.061	44.413.947
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(6.550.000)	(6.550.000)
	<u>41.793.061</u>	<u>37.863.947</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Virðisaukaskattur	318.264	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	7.491.890	3.250.005
Aðrar kröfur	<u>1.360.400</u>	<u>4.169.287</u>
	<u>9.170.554</u>	<u>7.419.292</u>

Handbært fé

	31.12.2012	31.12.2011
Bankainnistæður í íslenskum krónum	773	3.502.539
Bankainnistæður í erlendra mynt	<u>1.994</u>	<u>1.597.856</u>
	<u>2.767</u>	<u>5.100.395</u>

6. Eigið fé

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis reikningur	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2012	0	0	0	0	21.081.652
Hagnaður/tap ársins					<u>(3.599.916)</u>
Eigið fé 31.12.2012	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>17.481.736</u>

7. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2012	31.12.2011
Innlendar viðskiptaskuldir	20.025.925	15.424.292
	<u>20.025.925</u>	<u>15.424.292</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2012	31.12.2011
Virðisaukaskattur	0	354.714
Ógreidd laun og launatengd gjöld	2.502.995	1.398.188
Yfirdráttur bankareikninga	7.037.081	3.036.832
Aðrar skuldir	<u>6.250.090</u>	<u>9.564.801</u>
	<u>15.790.166</u>	<u>14.354.535</u>

Sundurliðanir

	2012	2011
Framlög og styrkir		
ÍSí Afreksmannasjóður	20.600.000	17.500.000
ÍSí Ólympíufjölskyldan	26.575.279	8.384.645
ÍSí Útbreiðslustyrkur	2.111.025	2.243.854
ÍSí Aðrir styrkir	2.866.504	6.059.183
ÍSí Lottó	11.735.660	12.128.343
	<u>63.888.468</u>	<u>46.316.025</u>
Aðrir styrkaraðilar		
Aðrir styrkir	32.206.091	3.615.285
Önnur framlög og styrkir	10.055.000	16.501.773
Fastir styrkir m. vsk	40.559.806	31.751.665
Fastir styrkir án vsk	36.439.903	39.902.991
Landsleikir A-Karla	0	57.000
Aðrar auglýsingatekjur	0	1.557.108
Safnanir vegna stórmóta	3.752.113	11.014.000
Þáttökugjöld	231.000	556.000
Aðgangseyrir bikar	1.215.000	975.000
Aðrar fjáraflanir	0	2.021.384
Endurgreidd námsskeið	0	12.000
	<u>124.458.913</u>	<u>107.964.206</u>
Tekjur af landsleikjum		
Landsleikur m. vsk	5.011.735	75.000
Landsleikur án vsk	4.411.532	4.680.675
Aðgangseyrir	10.937.560	12.222.160
Sjoppa landsleikir	2.180.714	1.182.109
	<u>22.541.541</u>	<u>18.159.944</u>
Islandsmót		
Mótagjöld	5.117.502	3.597.000
Sektir	1.866.000	2.789.600
Leikskýrslugerð	0	229.000
Úrslitagjald	10.000	20.012
Jöfnunargjald 1. deild ka og kvk	0	(150.000)
Sjoppa bikar	0	870.764
	<u>6.993.502</u>	<u>7.356.376</u>
Aðrar tekjur		
Félagsskipti milli landa	2.451.044	3.965.230
Félagsskipti milli landa	2.271.458	0
Félagsskipti innanlands	1.349.673	0
Þókun v. félagsgjald	0	2.621.498
	<u>6.072.175</u>	<u>6.586.728</u>

Sundurliðanir

	2012	2011
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	21.648.937	15.043.131
Bífreiðastyrkir	1.630.000	1.320.000
Dagpeningar	140.000	0
Tryggingagjald	1.966.400	1.528.062
Lífeyrissjóður	1.843.593	1.302.257
Sjúkra- og orlofsheimilaskjóður	348.135	188.046
Aðrir sjóðir	28.139	0
Námskeið og endurmenntun starfsmanna	0	95.825
	<u>27.605.204</u>	<u>19.477.321</u>
Verktakagreiðslur		
Verktakagreiðslur starfsmanna	500.000	1.897.750
Verktakagreiðslur þjálfara	21.886.760	14.817.706
Verktakagreiðslur leikmanna	0	180.000
Sérfræðikostnaður án vsk	3.821.701	773.214
Aðrar verktakagreiðslur	3.444.332	3.292.503
	<u>29.652.793</u>	<u>20.961.173</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Rekstur bifreiðar v/skrifstofu	974.747	1.296.781
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	1.407.266	928.764
Sími	2.885.572	2.349.723
Burðargjöld	415.183	87.015
Pappír, prentun og ritföng	555.738	514.801
Skrifstofutæki og áhöld	578.889	365.114
Fundir og ráðstefnur	2.043.734	0
Gjafir og styrkir	123.335	181.809
Risna	1.218.462	831.277
Tryggingar	180.000	0
Annar kostnaður	513.671	395.223
	<u>12.798.958</u>	<u>8.619.169</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Annar rekstrarkostnaður	7.809.598	5.804.555
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	0	2.300.000
Fræðslu- og nefndarkostnaður	2.822.278	3.998.077
Afskriftir íþróttagólfs	463.650	0
	<u>11.095.526</u>	<u>12.102.632</u>
Mótakostnaður		
Kostnaður Íslandsmóts	12.118.021	11.315.017
Annar móthaldskostnaður	25.309.055	28.690.376
Auðlýsingar N1 deild karla	0	(2.000.000)
Auðlýsingar N1 deild kvenna	0	(2.250.000)
	<u>37.427.076</u>	<u>35.755.393</u>

Sundurliðanir

	2012	2011
Páttaka í mótum		
A landslið karla		
Flug	28.961.151	17.211.283
Gisting	2.288.708	7.757.610
Gisting erlendis	2.371.588	0
Fæði innanlands	2.290.020	1.680.214
Fæði erlendis	343.209	0
Bílaleigubílar	359.712	601.357
Akstur	749.051	1.128.638
Sími	31.831	0
Búningar	414.837	1.129.758
Þvottur	55.900	362.267
Harpix og sjúkravörur	439.971	294.667
Sjúkrakostnaður	2.710.002	1.965.451
Húsaleiga	3.921.987	1.467.809
Myndbönd og spólur	17.287	13.020
Gjafir og viðurkenningar	59.990	0
Dagpeningar	9.041.153	4.751.011
Auglýsingar m. vsk	450.000	0
Annar kostnaður	1.751.934	4.389.349
Endurgreiddur ferðakostnaður	188.256	0
Annar þáttökukostnaður	1.425.937	0
	<u>57.872.524</u>	<u>42.752.434</u>
A landslið kvenna		
Flug	12.362.238	16.463.935
Gisting	1.270.618	3.101.600
Gisting erlendis	655.231	0
Fæði innanlands	364.556	1.516.638
Fæði erlendis	80.299	0
Bílaleigubílar	31.500	0
Akstur	300.501	1.008.745
Sími	0	10.000
Búningar	363.177	952.337
Þvottur	0	151.690
Harpix og sjúkravörur	375.062	364.351
Sjúkrakostnaður	431.616	774.945
Húsaleiga	588.181	71.125
Myndbönd og spólur	0	7.314
Dagpeningar	4.174.094	3.667.755
Annar kostnaður	288.106	1.382.221
Annar þáttökukostnaður	643.320	0
	<u>21.928.499</u>	<u>29.472.656</u>

Sundurliðanir

	2012	2011
Yngri landslið karla		
Flug	10.131.241	4.176.010
Gisting	0	1.146.500
Gisting erlendis	7.697.122	0
Fæði erlendis	11.056	0
Akstur	386.495	200.000
Þvottur	12.160	0
Harpix og sjúkravörur	33.120	0
Sjúkrakostnaður	665.000	179.254
Húsaleiga	1.445.000	149.000
Dagpeningar	1.939.197	458.400
Bísfreiðastyrkir	120.000	0
Annar kostnaður	269.900	411.140
Endurgreiddur ferðakostnaður	(8.639.083)	(4.072.848)
Annar þáttökukostnaður	135.135	0
	<u>14.365.036</u>	<u>2.647.456</u>
Yngri landslið kvenna		
Flug	4.040.940	2.148.100
Gisting erlendis	2.049.442	1.828.069
Akstur	85.500	441.557
Harpix og sjúkravörur	13.008	0
Sjúkrakostnaður	248.055	0
Húsaleiga	346.250	0
Dagpeningar	345.308	134.400
Annar kostnaður	0	2.155.811
Endurgreiddur ferðakostnaður	(3.800.097)	(3.434.764)
Annar þáttökukostnaður	181.630	0
	<u>3.510.036</u>	<u>3.273.173</u>
Kostnaður vegna N1 deildar og Bíkarkeppni		
Flug	673.223	0
Akstur	32.040	0
Húsaleiga	1.458.180	0
	<u>2.195.457</u>	<u>0</u>
Erlend landslið		
Gisting	5.153.822	2.333.019
Fæði innanlands	610.120	1.990.755
Akstur	1.450.100	200.400
Húsaleiga	20.250	0
	<u>7.234.292</u>	<u>4.524.174</u>

Framsetning reikningsins er töluvert frábrugðin frá fyrra ári þar sem við erum með nýjan aðila sem sér um bókhald sambandsins. Það er mismunur á milli liða frá fyrra ári en í heildina er þetta mjög svipað.

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Þingforseti óskaði eftir umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Enginn tók til máls

Þingforseti bar reikninga sambandsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsárs

Gjaldkeri sambandsins Ásta Óskarsdóttir fylgir fjárhagsáætlun sambandslins úr hlaði og tekur einungis tekjur og gjöld þar sem rekstraráætlun verður vísað til nefndar til yfirferðar og umsagnar.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2013

	Skýr.	2013 Áætlun	2012 Rauntölur	2012 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og strykir	1	37.700.000	63.888.468	63.500.000
Aðrir stryrktaraðilar	2	122.200.000	124.428.913	94.410.000
Tekjur af landsleikum	3	19.150.000	22.541.541	15.600.000
Íslandsmót	4	6.950.000	7.023.502	6.729.000
Tekjur af mótum	5	4.500.000	6.072.175	6.000.000
Rekstrartekjur alls		190.500.000	223.954.599	186.239.000
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	53.197.360	57.257.997	49.627.220
Þátttaka í mótum	7	81.336.488	107.105.844	113.402.913
Kostnaður v. Mótahalds	8	35.250.000	36.368.491	32.500.000
Rekstur mannvirkja og gólf	9	4.900.000	4.777.637	3.200.000
Rekstur skrifstofu	10	6.900.000	8.852.863	5.650.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	3.250.000	4.555.961	2.500.000
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	1.900.000	1.802.243	1.700.000
Annar kostnaður	13	1.450.000	4.500.715	1.750.000
Afskr. tapaðar kröfur og niðurf. Krafna		0	463.650	0
Rekstrargjöld samtals		188.183.848	225.685.401	210.330.133
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		2.316.152	-1.730.802	-24.091.133

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur	15	150.000	90.388	100.000
Vaxtagjöld	15	-400.000	-586.837	-350.000
Dráttarvextir	15	-500.000	-1.372.665	-1.500.000
		<u>-750.000</u>	<u>-1.869.114</u>	<u>-1.750.000</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>1.566.152</u>	<u>-3.599.916</u>	<u>-25.841.133</u>

Fjárhagsáætlun er vístað til fjárhagsnefnda

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Ein tillaga að lagabreytingu sem eru þingskjal 4 og 4.1 en að sjálfsögðu eru þetta tvær tillögur en þær fjalla um sömu greinina sem sagt 51 gr. laga HSÍ sem fjallar um handknattleiksmót. Þetta er annas vega þingskjal 4 sem flutningsaðili er Víkingur og hins vegar þingskjal 4.1 og er flutningaþili nefnd sem skipuð var á formannafundi HSÍ. Auk þessa eru viðhengi við þessar tillögur sem taka sérstaklega til meistaraflokks kvenna og hins vega ef þessar tillögur vegða samþykktar hvenær þær taka gildi. Eru einhverjir sem vilja tjá sig áður en þessu verður vísað í nefnd. Enginn tekur til máls og er þessum tveimur aðaltillögum og tvö viðhengi vísað til alsherjanefndar til umfjöllunar.



54. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 30. apríl 2013 Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

- e. 18 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
- f. 19 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 8 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 9 lið og 10 lið

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Lið 1 og 2 sitja hjá

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum

Lið 1 mætir sigurvegara viðureignar 4/5

Lið 2 mætir sigurvegara viðureignar 3/6

Þau lið sem vinnur 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitill.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Liðið í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, efsta lið 1.deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar, liðið í 10. sæti úrvalsdeildar.

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. Skulu þá 8, 10 eða 12 efstu lið úrvalsdeildar leika í þeirri deild á næsta tímabili, eftir því sem á við en önnur lið leika í 1.deild.

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild en önnur lið leika í 1.deild. Skal leikið í einni deild næsta keppnistímabil eftir að slík staða kemur upp og skipt upp eftir það.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna .

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.

d. 17 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 7 í 1. deild 4 umferðir.

e. 18 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.

f. 19 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 7 í 1. deild 4 umferðir.

g. 20 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir

h. 21 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.

j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.

k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 eða fleiri í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 8 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, efsta lið 1.deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar, liðið í 10. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, efstu liðinn í 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild samkvæmt ofanrituðu til að fylla upp í 12 liða deild.

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. Skulu þá 8, 10 eða 12 efstu lið úrvalsdeildar leika í þeirri deild á næsta tímabili, eftir því sem á við en önnur lið leika í 1. deild.

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild en önnur lið leika í 1. deild. Skal leikið í einni deild næsta keppnistímabil eftir að slík staða kemur upp og skipt upp eftir það.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Dragi lið sig úr keppni áður en tveggja deildar mót hefst sem veldur því að 1. deild verði aðeins skipað 5 liðum hefur stjórn HSÍ heimild til að grípa til aðgerða til gera mót deildana leikfæra að mati stjórnar.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Greinargerð:

Meðfylgjandi tillaga var sent til HSÍ 21 degi fyrir þingið.

Fundur með félögum þann 08/04 2013 samþykkti að meðfylgjandi tillaga yrði send inn en að einnig yrði skipaður vinnuhóp tveggja manna úr mótanefnd og eins fulltrúa frá hverju því liði sem vilja standa standa að þessari tillögu til að fara nánar út í efnisdrög hennar í ljósi umræða á fundinum.

Ég lagaði þetta aðeins til í ljós umræða á fundinum en breytti ekki tölu fjölda liða við fjölgun en vinnuhópur mun ræða þau mál sem og önnur mál tengdum þessum breytingum fram að þingi og koma með breytingartillögu á þinginu á þeim málum ef svo ber undir.

Í stuttu þá eru þetta breytingarnar á 51 grein laga.

Markmið að fjölga liðum í efstu deild fyrr sem og að fjölga liðum í heildina.

Fjölguð fyrr í 10 lið í úrvalsdeild eða við 16 skráð lið.

Fjölguð fyrr í 12 lið í úrvalsdeild eð við 18 skráð lið.

Tökum upp 8 liða úrslitakeppni strax við 10 liða úrvalsdeildarfyrikomulag.

Sex liða úrslitakeppni dettur út.

Umspilskeppni á að vera óbreytt það er 1 lið fellur og 4 spila um eitt laust sæti í efstu deild.

Bætt var við reglu varðandi aðstæður sem geta myndast ef 5 lið verða aðeins í 1 deild ef eitt eða fleiri lið draga sig úr keppni eftir að móthald hefur verið ákveðið.

Það verður í höndum stjórnar að leysa vandan, t.d. með því að vera með eina deild, leyfa nýju liði að skrá sig inn osfrv.

Bætt var við röðun vegna fjölgunar úr 8 liðum í 12 lið.

Vinnuhópur hefur þegar hafið störf og munu þeir koma með endanlega breytingar á tillögunni á þingið en jafnfram kynna niðurstöðu með maili um leið og hópurinn hefur lokið störfum.



54. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 30. apríl 2013 Pingskjal nr: 4.1

Tillaga um Lög HSI

Flutningsaðili: Nefnd skipuð á formannafundi HSI

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- d) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- e) 10-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- f) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - f. 19 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSI ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 8 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 9 lið og 10 lið

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Lið 1 og 2 sitja hjá

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum

Lið 1 mætir sigurvegara viðureignar 4/5

Lið 2 mætir sigurvegara viðureignar 3/6

Þau lið sem vinnur 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

